



Ársskýrsla 2022



Efnisyfirlit

Formáli sambandsstjóra	4
Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2022 – 2023.....	6
Þingfulltrúar	7
Afrekssjóður UMSB	8
Íþróttamanneskja Borgarfjarðar	9
Hvatningarverðlaun UMSB	15
Styrkir	16
Nokkur verkefna UMSB árið 2022.....	17
Viðurkenningar	31
Stjórn UMSB 1912 – 2023	33
Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 – 2022.....	38
Ársskýrslur aðildarféлага	40
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar	40
Golfklúbbur Borgarness	41
Golfklúbburinn Glanni	44
Hestamannafélagið Borgfirðingur.....	45
Hjólreiðafélag Vesturlands.....	47
Badmintondeild Skallagríms.....	49
Knattspyrnudeild Skallagríms.....	50
Körfuknattleiksdeild Skallagríms.....	52
Leikdeild Skallagríms	55
Sunddeild Skallagríms	57
Umf. Björn Hítardælakappi.....	59
Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar	59
Umf. Dagrenning.....	60
Umf. Íslendingur	61
Umf. Reykdæla	63
Umf. Stafholtstungna	64
Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar	66
Ársreikningur 2022	70

Skýrsla 2022 lögð fram á 101. sambandsþingi Ungmennasambands Borgarfjarðar

Uppsetning: Bjarney L. Bjarnadóttir

Prentun: Prentþjónusta Vesturlands

Formáli sambandsstjóra

Kæru félagar.

Verið hjartanlega velkomin á 101. sambandsþing UMSB. Samfélagið er nú loksins að ná sér á strik eftir heimsfaraldur og hjólin byrjuð að snúast á nýjan leik. Í upphafi árs 2022 var faraldurinn enn að hrekkja okkur en öll él léttir um síðir.

Á vormánuðum varð ljóst að Sigurður Guðmundsson myndi ekki snúa til baka í starf framkvæmdastjóra eftir tímabundið leyfi, en Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir leysti hann af frá 1. september 2021 til 1. júní 2022. Því var farið í að auglýsa eftir nýjum framkvæmdastjóra og var Bjarney Bjarnadóttir ráðin sem framkvæmdarstjóri frá 1. júní 2022. Hún hefur sagt starfi sínu lausu og býður það verkefni nýrrar stjórnar að ráða inn nýjan framkvæmdastjóra. Ég vil nýta tækifærið og þakka Bjarneyju kærlega fyrir hennar störf. Þá urðu einnig breytingar á starfsemi UMSB þegar starf tómstundafulltrúa fluttist yfir til Borgarbyggðar 1. ágúst. Verkefni næsta árs verður að taka upp samning við Borgarbyggð en vilji er til þess af hálfu Borgarbyggðar að halda áfram góðu samstarfi.

Það má með sanni segja að hápunktur ársins hafi verið þegar Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Borgarnesi helgina 24. – 26. júní eftir að hafa verið frestað í tvö ár þar á undan. Var þetta tíunda Landsmót UMFÍ 50+. Þátttaka var heldur minni en vonast hafði verið eftir þegar fyrst var lagt af stað en mótið tókst mjög vel þrátt fyrir það. Þátttaka almennings í viðburðum hefur verið heldur dræmari eftir heimsfaraldurinn og þurfum við að vera duglegri við að hvetja hvert annað að koma saman og taka þátt í lífinu, á sama hvaða vettvangi sem það er. Mót sem þetta verður ekki til úr engu, að baki því liggja ótal vinnustundir við skipulagningu og þar spilar stórt hlutverk óeigingjarnt framlag sjálfbóðaliða við undirbúning og framkvæmd. Þá eru mót sem þessi góð fjáröflunarleið fyrir aðildarfélögin en ríflega fjórar og hálf milljón króna skiptust niður á aðildarfélögin sem vinnustyrkur vegna landsmótsins, en hver og einn sjálfbóðaliði ákveður í hvaða félag hann vill láta sitt vinnuframlag renna.

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina og var góð skráning frá UMSB þrátt fyrir afleita veðurspá. Það rættist þó úr veðrinu og voru allir sammála um að þetta hefði verið virkilega skemmtilegt og vel heppnað.

Be active – hreyfivika Evrópu er haldin vikuna 23. – 30. september ár hvert en markmiðið er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Íþróttavikan er ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast

undir slagorðinu #BeActive til þess að hreyfa sig oft og meira í sínu daglega lífi. Var dagskráin ansi vegleg og margt í boði, bæði í formi allskyns afþreyingar og fyrirlestra.

Á næsta ári er svo stefnt að því að Unglingalandsmót UMFÍ verði haldið í Borgarnesi og því margt spennandi fram undan. Hvet ég aðildarfélög til þess að setja sig í stellingar og vera tilbúin til þess að halda glæsilegt mót, okkur öllum til ánægju og gleði.

Að lokum vil ég minnst á að fyrir þinginu liggja frammi tillögur lottóhóps sem skipaður var um skiptingu lottó tekna milli félaga. Ég vil árétta að hér er um að ræða tillögur sem þörf er á að ræða og vonast stjórn UMSB að við getum tekið góðar umræður og vonandi náð farsælli lendingu um þetta flókna mál hér á þinginu. Við vitum að uppi eru ólíkar skoðanir og sjónarmið og því er mikilvægt að hafa tillögur til grundvallar sem hægt er að vinna með og móta frekar.

Að lokum vil ég þakka fyrir því fjölmarga fólki sem ég hef verið svo heppin að vinna með á árinu og þá sérstaklega framkvæmdarstjóra UMSB og samstarfsfólki í stjórn fyrir góða samvinnu á árinu. Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér áfram sem sambandsstjóri og óska ég nýjum sambandsstjóra, nýrri stjórn sem og nýjum framkvæmdastjóra velfarnaðar í þeirra störfum fyrir UMSB.

Takk fyrir mig.

Sonja Lind Eyglóardóttir

Sambandsstjóri UMSB

Stjórn Ungmennasambands Borgarfjarðar 2022 – 2023

Sambandsstjóri Sonja Lind Estherar Eyglóardóttir

Varasambandsstjóri Guðrún Þórðardóttir

Vara varasambandsstjóri Borgar Páll Bragason

Gjaldkeri Sölvi Gylfason

Varagjaldkeri Eyjólfur Kristinn Örnólfsson

Ritari Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir

Vararitari Ástríður Guðmundsdóttir

Meðstjórnandi Rakel Guðjónsdóttir

Vara meðstjórnandi Þórhildur María Kristinsdóttir

Starfsfólk UMSB

Framkvæmdastjórnar Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir og Bjarney Lárudóttir Bjarnadóttir sem tók við starfinu 1. júní 2022



Þingfulltrúar

Félag	Fjöldi félagsmanna*	Þingfulltrúar
UMF.Íslendingur	277	3
UMF.Dagrenning	61	1
UMF.Reykðælir	224	3
UMF.Stafholtstungna	173	2
UMF.Egill Skallagr.	46	1
UMF.Skallagrímur	1656	13
UMF. Björn Hítld.	60	1
HMF. Borgfirðingur	492	5
GK Borgarness	266	3
GK Glanni	67	1
GK. Skrifla	13	1
Ungmenna og íþróttaf. Hvalfjarðarsv.	86	1
Frjálsíþróttaf. Bgf.	58	1
Mótorsportfélag Borgarfjarðar	109	2
Samtals	3.588	38

Úr 12. grein laga um sambandsþing

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

*Á sambandsþingi UMSB 2023 þurfti að styðjast við félagatölur frá árinu 2022 þar sem breytingar urðu á starfsskýrsluskilum ÍSÍ og ekki hægt að styðjast við félagatölur úr nýja kerfinu að svo stöddu.

Afrekssjóður UMSB

Afreksmannasjóður UMSB var stofnaður á 86.sambandsþingi UMSB, þann 13.mars 2008 og var stofnframlagið styrkur frá Orkuveitu Reykjavíkur að upphæð 500.000 krónur.

Tekjur sjóðsins er hlutfall af lottótekjum UMSB samkv. reglugerð, vaxtatekjur, og önnur framlög. Heimilt er að úthluta 75% af tekjum sjóðsins á hverju ári. Umsóknum í sjóðinn skal skila fyrir 1. mars en stjórn hefur heimild til að úthluta úr sjóðnum ef sérstaklega stendur á þess fyrir utan.

Stjórn sjóðsins er skipuð þeim Rósu Marinósdóttur, Írisi Grönfeldt og Páli Brynjarssyni og sá stjórn sjóðsins alfarið um yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum.

Úthlutun fyrir árið 2022 var alls 855.000 krónur.

Eftirtalin hlutu styrk fyrir afrek sín á árinu 2022:

Bjarki Pétursson	Golf	175.000
Bjarni Guðmann Jónsson	Körfuknattleikur	125.000
Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir	Sund	85.000
Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir	Frjálsar íþróttir	125.000
Kristín Eir Hauksdóttir Holaker	Hestaíþróttir	85.000
Kristín Þórhallsdóttir	Kraftlyftingar	175.000
Victoria Lind Kolbrúnardóttir	Körfuknattleikur	85.000



Íþróttamanneskja Borgarfjarðar



2022



Íþróttamanneskja Borgarfjarðar

Kjör Íþróttamanneskju ársins 2022 fór fram í Hjálmakletti þann 6. janúar s.l. í samstarfi við Borgarbyggð sem hélt þrettándahátíð sína í kjölfarið.

Tíu efstu í kjöri Íþróttamanneskju Borgarfjarðar árið 2022 voru í stafrófsröð:

Alexandrea Rán Guðnýjardóttir – Kraftlyftingar

Árangur Alexandreu á árinu, sem var hennar síðasta í ungmennaflokki, var hreint frábær. Hún varð í fyrsta sæti á öllum mótum sem hún keppti á í klassískum kraftlyftingum og bætti eigið Íslandsmet í klassískri bekkpressu í -63 kg opnum flokki nokkrum sinnum á árinu. Stendur það nú í 113,5 kg. Samtals setti Alexandria 14 Íslandsmet á árinu, auk þess að verða Norðurlandameistari, Evrópumeistari og heimsmeistari í klassískri bekkpressu.

Bjarki Pétursson - Golf

Bjarki hefur á síðustu árum stigið fram sem einn af allra bestu kylfingum Íslands. Bjarki lék á einu móti á DP World Tour sem er sterkasta mótaröð heims í dag og var mjög nálægt því að fá keppnisrétt á sterkustu mótaröð Evrópu í golfi og þeirri næst sterkustu í heimi. Bjarki sigraði í öllum högggleiksmótum sem hann tók þátt í á Íslandi árið 2022.

Bjarni Guðmann Jónsson - Körfuknattleikur

Bjarni Guðmann er nú á sínu fjórða ári hjá Fort Hays State háskólanum í Bandaríkjunum á fullum skólástyrk. Hann var í byrjunarliði skólans í öllum leikjum liðsins á árinu og er einn af máttarstólpum liðsins. Bjarni var valinn í 5 manna varnarlið deildarinnar við lok síðasta keppnistímabils.

Brynjar Snær Pálsson - Knattspyrna

Brynjar Snær lék á árinu 13 leiki fyrir ÍA í Bestu deild karla í knattspyrnu, ásamt 7 leikjum í bikarkeppnum áður en hann meiddist. Í íþrótt með tæplega 30 þúsund iðkendur á landsvísu, er það mikið afrek að leika í efstu deild á Íslandi.

Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir – Frjálsar íþróttir

Guðrún Karítas byrjaði árið 2022 á að keppa í lóðkasti (9,08kg) á innanhússtímabilinu þar sem hún á síðasta móti tímabilsins sló Íslandsmet í flokki 20-22 ára með kasti upp á 18,22 m. Í sleggjukastinu bætti hún sig um tæpa 6 metra og rauf 60 metra múrinn með kasti uppá 60,14 m. Hún hlaut nokkur einstaklingsverðlaun í deildinni sem háskólinn hennar keppir í (Atlantic 10) auk þess að hljóta verðlaun fyrir framúrskarandi árangur íþróttamanns á fyrsta ári í háskólanum (e. Newcomer of the year). Hún keppti á sínu fyrsta stórmóti fyrir Íslands hönd á árinu þegar hún tók þátt í Norðurlandamóti U23 þar sem hún hlaut bronsverðlaun.

Heiður Karlsdóttir – Körfuknattleikur

Heiður spilaði með meistaraflokki Fjölnis í úrvalsdeild og varð bikarmeistari með unglingsflokki félagsins. Heiður var valin í lokahóp U18 í körfuknattleik sem tók þátt í Norðurlandamótinu sem fram fór í Finnlandi s.l. sumar og Evrópumótinu sem haldið var í Búlgaríu í júlí. Einnig var hún boðuð í æfingahóp U18 sem æfði á milli jóla og nýárs vegna verkefna ársins 2023.

Helgi Guðjónsson – knattspyrna

Helgi tók þátt í Íslandsmótinu með Víkingi Reykjavík sem endaði í þriðja sæti á mótinu, varð Mjólkurbikarmeistari og sigraði keppnina Meistara meistaranna. Helgi spilaði alla leiki Víkings á árinu fyrir utan einn. Hann skoraði samtals 23 mörk á árinu í 48 leikjum og var markahæsti leikmaður Víkings árið 2022. Hann skoraði 2 mörk í Evrópukeppninni í 7 leikjum, 9 mörk á Íslandsmótinu, í Mjólkurbikarnum skoraði hann 6 mörk í 5 leikjum og var markahæsti maður mótsins.

Jósep Magnússon – Götuhlaup/utanvegahlaup

Árið 2022 var vafalítið besta hlaupaár Jóseps frá upphafi. Hann náði bestu tímum ferilsins í hálfu maraþoni (1:16:39 klst) og í maraþoni (2:47:59 klst). Í báðum þessum greinum er hann meðal ca. 10 bestu hlaupara á Íslandi og næstbestur eða bestur í sínum aldurflokk (45-49 ára). Þá hefur hann sýnt miklar framfarir í utanvegahlaupum. Vann m.a. tvö u.þ.b. 50 km utanvegahlaup í sumar með viku millibili og telst nú 10. besti utanvegahlaupari landsins skv. þeim lista en samtals eru um 5.800 Íslendingar á listanum.

Kristín Þórhallsdóttir – Kraftlyftingar

Helstu afrek Kristínar á árinu 2022 voru silfurverðlaun í samanlögðu á Heimsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum í opnum flokki sem fór fram í Suður-Afríku í júní. Einnig komst hún á pall í öllum þremur greinum kraftlyftinga, hnébeygju, bekkpressu og réttstöðulyftu. Hún hlaut einnig silfurverðlaun á Evrópumeistaramótinu í Póllandi í desember s.l. og komst þar einnig á pall í öllum þremur greinum kraftlyftinga, þar af með gull í hnébeygju. Kristín setti fjölmörg Íslandsmet á árinu og tvíbætti Evrópumetin í bæði hnébeygju og samanlögðu.

Victoria Lind Kolbrúnardóttir - Körfuknattleikur

Victoria var lykillleikmaður 10. flokks kvenna í Skallagrími til vorsins 2022. Skipti yfir í Fjölni haustið 2022 og hefur verið leikmaður 11., 12. og meistaraflokks í vetur. Victoria var valin í lokahóp U16 í sem tók þátt í Norðurlandamótinu sem fram fór í Finnlandi s.l. sumar og Evrópumótinu sem fram fór í Svartfjallafjallalandi í ágúst. Einnig var hún boðuð í æfingahóp U18 sem æfði á milli jóla og nýárs vegna verkefna ársins 2023.

Í 1. sæti var Kristín Þórhallsdóttir, annað árið í röð



2. sæti - Bjarki Pétursson



3. sæti - Aelxandrea Rán Guðnýjardóttir



4. sæti - Helgi Guðjónsson



5. sæti Bjarni Guðmann Jónsson



Ungt íþróttafólk fékk einnig viðurkenningu fyrir val í landsliðsverkefni á árinu og er framtíðin virkilega björt.

Þau sem fengu viðurkenningu í þetta sinn voru:



Alexandrea Rán Guðnýjardóttir



Díana Björg Guðmundsdóttir



Eiríkur Frímánn Jónsson



Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir



Guðrún Karítas Hallgrímsdóttir



Heiður Karlsdóttir



Victoria Lind Kolbrúnardóttir



Marabonbikarinn var veittur en Marabonbikarinn var gefinn af Bjarna Bjarnasyni á sínum tíma og er veittur fyrir besta tímanna í marabonhlaupi á árinu. Hlaut Jósep Magnússon Marabonbikarinn annað árið í röð.



Auðunsbikarinn hlaut Kristján Karl Hallgrímsson. Bikarinn er veittur af Minningarsjóði Auðuns Hlíðkvist Kristmarssonar sem lést 2. ágúst 1995, aðeins 14 ára gamall. Bikarinn er veittur 14 ára unglingi sem þykir efnilegur í íþrótt sinni, sýnir metnað í ástundun og framkomu og er góð fyrirmynd innan vallar sem utan.

Tilgangur viðurkenningarinnar er að minnast Auðuns Hlíðkvist ásamt því að styðja við og hvetja áfram ungt og efnilegt íþróttafólk á svæðinu.



Hér er Kristján Karl með Írisi Hlíðkvist Bjarnadóttur og Kristmari J. Ólafssyni, foreldrum Auðuns en þau veita viðurkenninguna árlega í minningu sonar síns.

UMSB óskar öllu þessu öfluga íþróttafólki innilega til hamingju!

Hvatningarverðlaun UMSB

Hvatningarverðlaun UMSB voru veitt í fyrsta sinn í ár en ætlunin er að þau verði veitt árlega samhliða verðlaunaafhendingu Íþróttamanneskju ársins. Þau sem geta hlotið hvatningarverðlaun UMSB eru aðildarfélag, deild innan aðildarfélags eða einstaklingur innan aðildarfélags UMSB fyrir eftirtektarverð og framsækin verkefni sem skara framúr eða fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins.



Hvatningarverðlaun UMSB 2022 hlaut Þorvaldur Jónsson, eða Valdi í Brekkukoti.

Þorvaldur hlaut verðlaunin fyrir óeigingjarnt starf í þágu samfélagsins. Hann hefur í tugi ára staðið vaktina fyrir UMFR sama hvort um er að ræða íþróttaviðburði, leiklistarstarf, viðhald á eignum félagsins eða aðra viðburði sem skapa það samfélag sem við viljum lifa í. Valdi hefur eytt meiri frítíma í vinnu fyrir hreyfinguna en margur annar og alltaf með bros á vör og tilbúinn að leiðbeina þeim yngri og áhugasömu. Hann hefur einstakt lag á að fá fólk í að taka þátt í starfinu og alltaf tilbúinn að mæta með harmonikkuna eða spila á píanóið. Svona félagar eru hryggjarliðurinn í allri sjálfböðavinnu sem við þurfum svo mikið á að halda í okkar samfélagi. Fyrir utan óeigingjarna vinnu fyrir íþrótt- og æskulýðsstarf hefur Valdi sinnt störfum í björgunarsveit og sóknarnefnd fyrir samfélagið okkar í tugi ára. Hann hefur líka með sínum einstaka áhuga á góðu samfélagi skilað eldmóði sínum til komandi kynslóða sem er ekki minna mikilvægt.

UMSB óskar Valda innilega til hamingju og vill þakka honum fyrir ómetanlegt framlag til samfélagsins.

Styrkir

Lottó reglugerð – úthlutun

Á 99. sambandsþingi UMSB árið 2021 var samþykkt tillaga að fara yfir reglugerð lottó. Það átti að búa til vinnuhóp til að fara yfir reglugerð lottó sem UMSB úthlutar tvisvar á ári og átti að kynna niðurstöður á formannafundi á sama ári.

Sú vinna tók aðeins lengri tíma en áætlað var en hópurinn, sem skipaður var þeim Sigríði Bjarnadóttur fyrir hönd UMSB, Páli Brynjarssyni formanni knattspyrnudeildar Skallagríms, Helga Eyleifi Þorvaldssyni frá Reykdælum og Eypóri Gíslasyni formanni Hestamannafélags Borgfirðings, skilaði af sér niðurstöður á formannafundi í nóvember 2022.

Eftir umræður á formannafundi var ákveðið að senda málið áfram á 101. sambandsþing til frekari umræðu og úrvinnslu.

Skiptingin er svohljóðandi samkvæmt núverandi reglugerð:

Reglugerð um skiptingu á lottótekjum UMSB

1. Forsendur skiptingar á milli félaga

Til að hljóta úthlutun samkvæmt reglugerð þessari þurfa félög að skila lögboðnum skýrslum til ÍSÍ og UMFÍ. Síðasti skiladagur þeirra skýrslna er 15. apríl ár hvert.

2. Skipting Lottótekna

- a) 5 % í Afreksmannasjóð UMSB
- b) 45 % til UMSB
- c) 50 % til aðildarfélaga UMSB

3. Skipting lottótekna skv. c-lið 1. greinar milli aðildarfélaga og deilda

- a) 10 % jafnt á milli allra aðildarfélaga
- b) 10 % eftir fjölda mættra fulltrúa á þing UMSB
- c) 80 % eftir fjölda félaga.

4. Skerðingar

Sendi félag ekki fulltrúa á formannafund UMSB skerðir það úthlutunarfé þess félags um 25 % við næstu úthlutun en hefur ekki áhrif á úthlutanir eftir það. Skerðingar samkvæmt þessari grein renna til UMSB.

Starfsstyrkir

2. grein

Um starfsstyrki geta sótt félög og deildir þeirra sem sinna íþrótt- eða félagsstarfi innan UMSB eða hafa með höndum aðra sambærilega starfsemi. Megináherslan er á að styrkja starf með börnum og unglingum yngri en 16 ára og að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðum skilningi. Starfsemin þarf að fara fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglinga. Skilyrði er að félag hafi starfað í a.m.k. 2 ár og staðið skil á lögformlegum skyldum sínum t.d. haldið aðalfund, lagt fram ársskýrslu, ársreikninga o.s.frv.

Á árinu 2022 sóttu sex félög og deildir um starfsstyrk og uppfylltu öll skilyrði. Samtals var úthlutað 6.152.596 krónum og skiptist upphæðin þannig:

Frjálsíþróttafélag Vesturlands	273.516 kr
Hestamannafélagið Borgfirðingur	677.631 kr
Badmintondeild Skallagríms	444.203 kr
Knattspyrnudeild Skallagríms	2.302.671 kr
Körfuknattleiksdeild Skallagríms	1.660.140 kr
Umf. Reykdæla	794.435 kr
Samtals	6.152.596 kr

Nokkur verkefna UMSB árið 2022

Sú breyting varð á starfsemi UMSB að starf tómstundafulltrúa færðist yfir til Borgarbyggðar. Einnig urðu framkvæmdastjóranskipti, Bjarney L. Bjarnadóttir tók við starfi þann 1. júní af Sigríði Dóru Sigurgeirsdóttur sem hafði leyst Sigurð Guðmundsson af í eitt ár. Við bjóðum Bjarneyju velkomna til starfa og um leið viljum við þakka Sigurði og Sigríði Dóru fyrir vel unnin störf og óskum þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Einnig flutti skrifstofa UMSB á Bjarnarbraut 8 og er UMSB húsið nú nýtt undir frístundastarf fyrir 3. og 4. bekk en aðildarfélög hafa þó enn aðgang að húsinu fyrir fundi og fleira. Ekki er komin niðurstaða í hver verður endanleg staðsetning skrifstofu UMSB.

Sambandsþing 2022

100. sambandsþing UMSB var haldið 31. mars í Hjálmakletti. Dagskrá þingsins var hefðbundin í samræmi við lög sambandsins. Að auki var boðið upp á tónlistaratriði í tilefni 100. þingsins.

Í upphafi þings voru veittir styrkir úr afrekssjóði UMSB. Guðbjörg Bjartey Guðmundsdóttir, Erla Ágústsdóttir, Alexandra Rán Guðnýjardóttir, Bjarni Guðmann Jónsson og Kristín Þórhallsdóttir hlutu styrk að þessu sinni.

Eitt nýtt félag óskaði eftir inngöngu í UMSB, Hjólreiðafélag Vesturlands og var það samþykkt með miklu lófataki.

Góðir gestir komu á þingið, Þórdís Sif Sigurðardóttir, þáverandi sveitarstjóri og Jón G. Guðbjörnsson fluttu ávörp. Garðar Svansson kom fyrir hönd ÍSÍ og veitti Sigríði Bjarnadóttur gullmerki ÍSÍ fyrir ósérhlífið starf í þágu íþróttahreyfingarinnar og Hallbera Eiríksdóttir, fyrir hönd UMFÍ, veitti Marteini Valdimarssyni starfsmerki UMFÍ fyrir mikið og gott starf í þágu hestaíþróttar.

Stjórn UMSB var kosin á þinginu, ein breyting varð á stjórn frá fyrra ári en Sölvi G. Gylfason tók við gjaldkerastarfinu af Sigríði Bjarnadóttur, sem þakkað var fyrir góð störf. Aðrir í stjórn UMSB eru Sonja Lind E. Eyglóardóttir sambandsstjóri, Guðrún Þórðardóttir varasambandsstjóri, Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir ritari, Rakel Guðjónsdóttir meðstjórnandi, Borgar Páll Bragason vara varasambandsstjóri, Ástríður Guðmundsdóttir vararitari og

Eyjólfur Kristinn Örnólfsson varagjaldkeri. Var skipan stjórnar samþykkt með lófataki. Sigríður Bjarnadóttir tók þá til máls og þakkaði samfylgdina og bauð Sölva velkominn til starfa.

Kristján Gíslason þakkaði þinginu fyrir góð störf og Sonja Lind sleit að því loknu 100. sambandsþingi UMSB.

Formannafundur UMSB

Tveir formannafundir voru haldnir á árinu.

Formannafundur 22. ágúst

Sá fyrri var í umsjón Ungmennafélagsins Íslendinga og var haldinn þann 22. ágúst í húsi Hreppslaugar. Farið var yfir stöðu aðildarféлага og var rætt um að upplýsingaflæði milli sveitarfélagsins og íþróttafélaga mætti vera betra, sérstaklega varðandi tilvonandi framkvæmdir og annað sem hefur áhrif á íþróttastarf félaganna.

Einnig var rætt um mikilvægi öflunar sakavottorðsheimilda og minnt á samskiptaráðgjafa ÍSÍ.

Þá barst talið að heimasíðu UMSB og netföngum en aðildarfélög geta fengið netföng sem enda á @umsb.is eða @skallagrimur.is. Jafnframt var rætt um að mikilvægt er að allar upplýsingar inni á heimasíðunni séu réttar varðandi stjórnir deilda, þjálfara o.fl.

Önnur mál voru líka rædd svo sem ályktun um forgangsöröðun og uppbyggingu íþróttamannvirkja, sportabler og félagatal og styrkjamál.

Formannafundur 24. nóvember

Seinni formannafundur ársins var haldinn þann 24. Nóvember og var í umsjón Umf. Reykdæla, var fundurinn haldinn í félagsheimilinu Logalandi. Sonja Lind sagði stuttlega frá sambandsþingi UMFÍ, Bjarney framkvæmdastjóri yfir hvað hafði áunnist í málum frá síðasta formannafundi og svo fór Sigríður Bjarnadóttir yfir tillögur lottóhópsins um nýjar úthlutunarreglur lottótekna.

Miklar umræður spunnust um þann lið og sitt sýnist hverjum, var því ákveðið að taka umræðurnar aftur upp á sambandsþingi.

Ekki var fleira rætt á þeim fundi.

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið í Borgarnesi helgina 24. – 26. júní. Var þetta í tíunda sinn sem Landsmót UMFÍ 50+ var haldið. Undirbúningurinn var ansi langur þar sem mótinu hafði verið frestað tvö ár þar á undan vegna Covid-19. Keppt var í hinum ýmsu greinum, bæði hefðbundnum og óhefðbundnum, auk ýmissar skemmtunar, s.s. sögugöngu og kótilettukvöld.

Fjölmennustu greinarnar voru boccia og pútt, auk þess sem stígvélakastið á lokadegi mótsins var gríðarlega vinsælt.

Jóhann Steinar Ingimundarson, formaður UMFÍ, setti Landsmót UMFÍ 50+ við hátíðlega athöfn í Hjálmakletti.

Í ávarpi sínu lagði hann áherslu á mikilvægi þátttökunnar, sérstaklega eftir heimsfaraldurinn sem olli því að stór hluti viðburða féll niður tvö árin á undan. Að lokum þakkaði hann sjálfboðaliðum UMSB og styrktaraðilum fyrir alla þá vinnu og þolinmæði sem gerði þeim kleift að halda mót eins og þetta.

Hér má sjá ávarp Jóhanns Steinars í heild sinni:

„Loksins erum við aftur komin af stað. Það er okkur hjá Ungmennafélagi Íslands sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin á Landsmót UMFÍ 50+ hér í Borgarnesi. Eins og allir þekkja hefur verið erfitt að standa fyrir opnum viðburðum síðustu misseri og meðganga mótsins hefur verið ansi löng. Mótið nú er haldið í þriðju tilraun og sannast hið forkveðna: „Allt er þegar þrennt er.“

Við vonum auðvitað að ekki sé um svikalogn að ræða og að við séum komin fyrir vind í hamförunum sem á okkur öll hefur dunið. Við verðum líka að halda áfram. Halda áfram að njóta lífsins og samverunnar með öðrum. Þá má heldur ekki gleyma að hreyfa sig og ekki er verra að hreyfa við öðrum.

Við hjá UMFÍ viljum einmitt hreyfa við öðrum. Hlutverk okkar er að efla, styrkja og byggja upp fólk með íþrótt-, félags- og æskulýðsstarfi. Hugsunin nær allt frá barnæsku til efri ára, að vera ungur í anda. Rétt eins og kjörorð UMFÍ fangar svo vel: Ræktun lýðs og lands. Reynslan sýnir að styrkur hvers og eins skilar sér til samfélagsins. Það sem er gott fyrir mig og það góða sem ég geri það bætir samfélagið. Og UMFÍ vill vera samfélaginu til góða.

UMFÍ er þjónustu- og samstarfsvettvangur fyrir sambandsaðila og aðildarfélög þeirra.

Sambandsaðilar eru 26 talsins en undir þá falla yfir 400 félög um allt land. Lögð er áhersla á fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og samvinnu með sameinaða krafta að leiðarljósi. Við viljum að allir geti tekið þátt í íþróttum og hreyfingu og verið hluti af öflugri liðsheild í samfélaginu. Þannig vinnum við saman að því að bæta heilsu landsmanna og samfélagið um leið.



Á meðan hefðbundið starf lá niðri í faraldinum nýtti ungmennafélagsshreyfingin tímann vel til að styrkja innra starfið. Niðurstaða af þeirri vinnu er skarpari sýn og áherslur samtakanna. Þá settum við okkur gildi þar sem lögð er áhersla á gleðina sem felst í þátttöku fólks í samfélaginu og viðburðum, frumkvæði og traust og áhersla á samvinnu. Því enginn einn gerir allt.

Það er gaman að segja frá því að fyrsta Landsmót 50+ var haldið á Hvammstanga þessa sömu helgi árið 2011. Um stórvíðburð var að ræða því mót eins og þetta hafði aldrei áður verið haldið fyrir fólk yfir miðjum aldri.

Framundan er tími þátttakendanna þar sem mestu máli skiptir er að mæta, vera með og prófa eitthvað nýtt. Hittum gamla vini og kynnumst nýjum og njótum þess að vera saman. Þannig styður UMFÍ við bættu lýðheilsu og við virkjum ungmennafélagsandann sem felur í sér að bæta sjálfan sig og samfélagið um leið og endurspeglast í gildum UMFÍ; Gleði – Traust – Samvinna.

Viðburður eins og þessi kallar á mörg handtök. Velvilji sveitarfélaga til að starfa með héraðssamböndum og íþróttafélögum í heimabyggð er hornsteinninn að mótahaldinu. Það veitir þeim líka tækifæri til að laða að þátttakendur til sín sem nýta sér þá þjónustu sem er í nærsamfélaginu ásamt því að kynnst því sem sveitarfélagið hefur uppá að bjóða. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka fulltrúum sveitarfélagsins og starfsmönnum þeirra sem að mótinu komu, einnig starfsmönnum UMSB og UMFÍ sem allir hafa lagt hönd á plóg til að gera mótið sem best úr garði.

Síðast en ekki síst þakka ég sjálfboðaliðum UMSB og styrktaraðilum, öllum þeim nauðsynlegu bakhjörum sem gera okkur kleift að halda mót eins og þetta. Sjálfboðaliðarnir hafa ár eftir ár farið af stað í undirbúning móta okkar en ætíð þurft að leggja árar í bát þegar faraldurinn hefur hamlað mótahaldi. Eins hafa fjölmargir styrktaraðilar okkar verið einkar þolinmóðir í gegnum árin þegar á móti blés.“

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson var gestur við setningu mótsins og hélt þar áhrifamikið ávarp um mikilvægi lýðheilsu.



„Heilsuefning eldra fólks – og ég verð að viðurkenna að ég er orðinn gjaldgengur á 50+ mót – er eins mikilvæg og hún er fyrir ungvíðið. Við sem erum komin á þennan aldur erum búin að átta okkur á því að við komumst ekki á verðlaunapalla á Ólympíuleikum og heimsmeistaraleikum. En við finnum okkur aðrar leiðir. Þá erum við sigurvegarar í sál og sinni. Ég nýt þess mjög að fara út að hlaupa. En ég geri með fulla grein fyrir því að ég næ ekki sama tíma til dæmis í almenningshlaupum þegar ég var yngri. Ég keppi alltaf við ljósastaurana og ég vinn þá alltaf!“ sagði Guðni en benti á að samtímis hafi hann líka betur gegn púkanum sem stendur á annarri öxl hans segir segir: Þú mátt nú alveg slappa af.

„Um leið og ég er búinn að reima á mig skóna og lagður af stað þá finn ég gleðina yfir því að njóta hreyfingar. Þvílík forréttindi sem það eru að vera maður á miðjum aldri og kominn með smá bumbu, ég hreyft mig, ég get hlaupið og sprett úr spori. Þetta er ekki gefið“.

„Við eru í vanda við Íslendingar. Við þurfum að huga að heilsu okkar. Heilbrigðiskerfið nær ekki að ná utan um alla. Við leysum þennan vanda aldrei með því að byggja fleiri álmur og fleiri spítala. Við verðum að huga að forvirkum aðgerðum. Það er margsannað að því fé sem varið er til forvirkra aðgerða af þessu tagi skilar sér margfalt til baka,“ sagði Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands og uppskar mikinn fögnuð áhorfenda.

Á setningu Landsmóts 50+ var Borgnesingurinn og hjólagarpurinn Þorsteinn Eypórsson heiðraður.



Þorsteinn hjólaði Vestfjarðarhringinn svokallaða s.l. sumar til styrktar Píetasamtökunum en hann missti tengdason sinn fyrr árinu og vildi hann styrkja samtökin. Píetasamtökin sinna forvarnarstarfi gegn sjálfsvígum og sjálfsskaða og styðja við aðstandendur. Safnaði Þorsteinn tæpum tveimur milljónum.

Vestfjarðarhringurinn er 755 kílómetra langur og erfiður viðureignar. Þorsteinn hafði áætlað að vera 12 daga á leiðinni en kláraði á 9 dögum, þrátt fyrir að hafa tekið einn hvíldardag á Ísafirði.

Þorsteinn kom hjólandi inn á setninguna í fullum hjólagalla í gær og vakti gríðarlega athygli.





Mótið sjálf gekk að mesta stórslysalaust fyrir sig ef frá er talin keppnin í göngufótbolta þegar blása þurfti af æsispennandi leik „gullaldarliðs“ Skallagríms og stjórna knattspyrnudeildar þegar tveir leikmenn, í sittthvori liðinu, voru bornir af velli vegna meiðsla.



Annar þeirra var Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, sem tognaði á fæti í kjölfar hælsþyrnu og hinn var Páll Snævar Brynjarsson, eða Palli bæjón, sem varð fyrir því óláni að slíta hásin.

Að öðru leyti gekk mótið mjög vel fyrir sig og var almenn ánægja með að loksins hafi verið hægt að halda það. Hér fyrir neðan má sjá svipmyndir frá mótinu.



Keppnin í pútti var æsispennandi og þurfti bráðabana til að knýja fram úrslit







Stígvélakastið var ein vinsælasta keppnisgreinin



Stjórn UMSB vill þakka öllum sem lögðu leið sína á Landsmót UMFÍ 50+ í Borgarnesi og sérstakar þakkir til allra sjálfbóðaliðanna sem gerðu okkur það kleift að halda svona glæsilegt mót.

Unglingalandsmót UMFÍ á Selfossi




Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Selfossi um verslunarmannahelgina og var góð skráning frá UMSB þrátt fyrir afleita veðurspá. Það rættist þó úr veðrinu og voru allir sammála um að þetta hefði verið virkilega skemmtilegt og vel heppnað mót.

Á unglingalandsmóti UMFÍ er keppt í bæði hefðbundnum íþróttagreinum, svo sem frjálsum íþróttum, knattspyrnu, golfi og fleira, og óhefðbundnum greinum eins og upplestrarkeppni, strandhandbolta og kökuskreytingum, sem var vinsælasta keppnisgreinin.

Voru þátttakendur UMSB til mikillar fyrirmyndar bæði innan og utan vallar. Á tjaldsvæðinu var líka góð stemning og var haldin sameiginleg grillveisla á laugardagskvöldinu. Virkilega skemmtilegt og kærkomið að loksins sé hægt að halda viðburði eins og unglingalandsmót UMFÍ aftur.

Eins og sjá má var góð samvinna við að koma upp samkomutjaldinu á tjaldsvæðinu



Be active – hreyfivika Evrópu

Be active – hreyfivika Evrópu er haldin vikuna 23. – 30. september ár hvert en markmiðið er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Íþróttavikan er ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og að hvetja Evrópubúa til að sameinast undir slagorðinu #BeActive til þess að hreyfa sig oftar og meira í sínu daglega lífi.

Var dagskráin ansi vegleg og margt í boði, bæði í formi allskyns afþreyingar og fyrirlestra, og voru allir viðburðir þátttakendum að kostnaðarlausu.

Svona viðburðir ganga þó ekki vel nema af því fólk er tilbúið að bjóða fram vinnu sína. Í boði var meðal annars stafganga, jóga, gönguhópur, spinning, samflot, samhjól og opnar æfingar hjá hlaupahópnum Flandra, blakæfingar hjá Hvönnum, í boccia, ringo, metabolic og í boði að prófa allar æfingar hjá Skallagrími.

Þá kom Silja Úlfars fyrrverandi landsliðskona í frjálsum íþróttum og bauð upp á hlaupþjálfun, boðið var upp á „Hættu að væla, komdu að kæla“ námskeið sem er öndunar- og kuldaþjálfun. Einnig voru fyrirlestrar frá Samtökunum '78 um íþróttir og hinseginleika og frá Heil heilsumiðstöð varðandi næringu, meiðslaforvarnir og að takast á við mótlæti og efla þrautseigju.



Sveinn Sampsted hélt virkilega góðan og mikilvægan fyrirlestur um íþróttir og hinseginleika. Var fyrirlesturinn haldinn í samstarfi við ÍA og var ágætis mæting. Brottfall hinsegin ungmenna úr íþróttum er mjög mikið og mikilvægt að íþrótt- og ungmennahreyfingin sé í fararbroddi þegar kemur að því að skapa öruggt umhverfi fyrir alla iðkendur.



Silja Úlfars kenndi bæði ungum og öldnum hvernig á að bera sig að í hlaupum og hlaupþjálfun.



Systurnar Elísa og Margrét Lára Viðarsdætur ásamt Einar Erni héldu fyrirlesturinn 360° íþróttamaður sem fjallar um hvernig hægt er að takast á við áskoranir og efla andlegan styrk, meiðslaforvarnir og endurhæfingu og það hvernig næringin hefur áhrif á frammistöðu.



Elísa er næringarfræðingur og ræddi um hvernig næringin skapar meistarann

Einar Örn sjúkrabjálfi ræddi um meiðslaforvarnir og endurhæfingu



Margrét Lára íþrótt- og sálfræðingur ræddi um hvernig á að efla andlegan styrk

Skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfara UMSB

Eitt af markmiðum UMSB er að allir þjálfarar undir merkjum UMSB séu með gilt skyndihjálparskírteini. Boðið var upp á skyndihjálparnámskeið í október og þátttakendum svo boðið upp á léttar veitingar á Bara bar í kjölfarið. Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum eru iðkendur innan okkar raða í öruggum höndum.



Viðurkenningar

STARFSMERKI UMFÍ

1971	Kristófer Þorgeirsson
1975	Bjarni Valtýr Guðjónsson
1975	Ingimundur Ingimundarsson
1975	Jón G. Guðbjörnsson
1977	Gunnlaugur Árnason
1978	Bjarni G. Sigurðsson
1978	Diðrik Jóhannsson
1980	Bjarni Skarphéðinsson
1980	Vígfús Pétursson
1982	Ófeigur Gestsson
1982	Helgi Bjarnason
1983	Gísli V. Halldórsson
1986	Þiðrik Baldvinsson
1989	Sigríður Þorvaldsdóttir
1989	Jón Þórisson
1993	Einar Ole Pedersen
1994	Þorvaldur Jónsson
1995	Guðmundur Sigurðsson
1997	Kristmar J. Ólafsson
1997	Jóna Björg Kristinsdóttir
1997	Ármann Bjarnason
1997	Steinunn Garðarsdóttir
1998	Einar Kristján Jónsson
1999	Rósa Marinósdóttir
2001	Ásdís Helga Bjarnadóttir
2002	Þórður B. Bachmann
2002	Guðjón Guðmundsson
2002	Kristín Gunnarsdóttir
2006	Torfi Jóhannesson
2008	Veronika Sigurvinsdóttir
2008	Álfheiður Marinósdóttir
2009	Jóhann Pálsson
2010	Sólrun Halla Bjarnadóttir
2011	Helgi Björn Ólafsson
2012	Eyjólfur Hjálmsón
2012	Agnes Guðmundsdóttir
2012	Friðrik Aspelund

STARFSMERKI UMFÍ

2015	Stefán Logi Haraldsson
2016	Pálmi Ingólfsson
2017	Íris Grönfeldt
2018	Kristján Gíslason
2018	Flemming Jessen
2019	Ásgeir Ásgeirsson
2019	Guðríður Ebba Pálsdóttir
2019	Hrönn Jónsdóttir
2020	Ingvi Árnasson
2020	Brynjólfur Guðmundsson
2021	Páll S. Brynjarsson
2021	Sigríður Bjarnadóttir
2022	Marteinn Valdimarsson

GULLMERKI UMFÍ

1987	Jón G. Guðbjörnsson
1992	Þórir Jónsson
2001	Ingimundur Ingimundarsson
2001	Magnús Jakobsson
2010	Ásdís Helga Bjarnadóttir
2011	Guðmundur Sigurðsson
2018	Rósa Marinósdóttir
2019	Guðmundur Þorsteinsson
2019	Hrönn Jónsdóttir
2020	Íris Grönfeldt
2021	Flemming Jessen
2021	Guðjón Guðmundsson



UMFÍ



GULLMERKI UMSB

1977	Björk Ingimundardóttir
1982	Sigurður R. Guðmundsson
1982	Vilhjálmur Einarsson
1983	Vilhjálmur Einarsson
1988	Gísli Halldórsson
1990	Ingimundur Ingimundarson
1992	Bjarni Bjarnasson
1992	Björg Kristófersdóttir
1992	Geir Sævar Geirsson
1992	Guðmundur Sigurðsson
1992	Rósa Marinósdóttir
1992	Sigríður Þorvaldsdóttir
1992	Þuríður Jóhannesdóttir
1992	Þórir Jónsson
1993	Bjarni Valtýr Guðjónsson
1996	Ingunn Jóhannesdóttir
1998	Birgir Karlsson
1999	Einar Ole Pedersen
2002	Þorsteinn Viggósson
2002	Jófríður Hanna Sigfúsdóttir
2002	Íris Grönfeldt
2002	Karl Torfason
2004	Ásdís Helga Bjarnadóttir

GULLMERKI ÍSÍ

1982	Ófeigur Gestsson
2002	Einar B. Jónsson
2002	Albert Guðmundsson
2002	Sigríður Guðmundsdóttir
2002	Ingimundur Ingimundarson
2010	Rósa Marinósdóttir
2011	Guðmundur Sigurðsson
2020	Sigurður Guðmundsson
2020	Jón G. Guðbjartsson
2021	Jakob Skúlason
2022	Sigríður Bjarnadóttir



Stjórn UMSB 1912 – 2023

SAMBANDSSTJÓRAR UMSB

Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1912-1913, 1914-1915, 1916-1917
Jón Hannesson	Deildartungu	1913-1914, 1917-1918
Andrés Eyjólfsson	Síðumúla	1915-1916
Guðmundur Jónsson	Hvítárþakka	1918-1919
Kristinn Guðmundsson	Hvanneyri	1919-1920
Jóhannes Jónsson	Efranesi	1920-1921
Björn Guðmundsson	Eyri Flókadal	1921-1922
Kristján Guðmundsson	Indriðastöðum	1922-1923
Magnús Jakobsson	Snældubeinsstöðum	1923-1924
Jón Guðmundsson	Borgarnesi	1924-1926
Friðrik Þorvaldsson	Borgarnesi	1926-1934
Þorgils Guðmundsson	Reykholti	1934-1936
Þorsteinn Jósefsson	Signýjarstöðum	1936-1937
Friðrik Þórðarson	Borgarnesi	1937-1938
Halldór Sigurðsson	Borgarnesi	1938-1943
Þorgils Guðmundsson	Reykholti	1943-1944
Björn Jónsson	Deildartungu	1944-1947, 1952-1954
Haukur Jörundarson	Hvanneyri	1947-1950
Snorri Þorsteinsson	Hvassafelli	1954-1958
Ragnar Olgeirsson	Oddsstöðum	1958-1962
Þorsteinn Sigurðsson	Brúarreykjum	1962-1964
Guðmundur Sigurðsson	Borgarnesi	1964-1967
Vilhjálmur Einarsson	Reykholti	1967-1973
Jón G. Guðbjörnsson	Lindarhvoli	1973-1975
Hjörtur Þórarinnsson	Kleppjárnsreykjum	1975-1976
Ófeigur Gestsson	Hvanneyri	1976-1978, 1980-1982
Eiríkur Jónsson	Kleppjárnsreykjum	1978-1979
Kristófer M. Kristinsson	Reykholti	1979-1980
Þuríður Jóhannsdóttir	Jaðri	1982-1983
Þórir Jónsson	Reykholti	1983-1985
Kristján F. Axelsson	Bakkakoti	1985-1986
Sigríður Þorvaldsdóttir	Hjarðarholti	1986-1989
Einar Ole Pedersen	Álftártungukoti	1989-1990, 1991-1998
Ásmundur Ólafsson	Borgarnesi	1990-1991
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Hvanneyri	1998-2002
Torfi Jóhannesson	Hvanneyri	2002-2006
Jóhanna Erla Jónsdóttir	Borgarnesi	2006-2008
Friðrik Aspelund	Hvanneyri	2008-2012
Sigurður Guðmundsson	Borgarnesi	2012-2016
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Hvanneyri	2016-2018
María Júlía Jónsdóttir	Borgarnesi	2018-2019
Bragi Þór Svavarsson	Borgarnesi	2019-2021
Sonja Lind E. Eyglóardóttir	Borgarnesi	2021-2023

GJALDKERAR UMSB

Gunnlaugur Brím	Reykholti	1922-1923
Kristján Guðmundsson	Indriðastöðum	1923-1924
Páll J Blöndal	Stafholtsey	1924-1935
Ásmundur Jónsson	Deildartungu	1935-1944
Kristleifur Jónsson	Varmalæk	1944-1945
Bogi Þórðarson	Borgarnesi	1945-1947
Þorsteinn Helgason	Borgarnesi	1947-1949
Jón Einarsson	Borgarnesi	1949-1950
Þorsteinn Helgason	Borgarnesi	1950-1952
Jón Einarsson	Kletti	1952-1954
Sigurður Guðbrandsson	Borgarnesi	1954-1956
Bjarni Helgason	Laugalandi	1956-1961
Guðlaugur Torfason	Hvammi	1961-1964
Davíð Pétursson	Grund	1964-1966
Friðjón Árnason	Kistufelli	1966-1968
Óttar Geirsson	Hvanneyri	1968-1972
Ófeigur Gestsson	Hvanneyri	1972-1976
Eiríkur Jónsson	Kleppjárnsreykjum	1976-1978
Helgi Bjarnason	Borgarnesi	1978-1980
Pálmi Ingólfsson	Hálsum	1980-1982
Þorkell Fjeldsteð	Ferjukoti	1982-1985
Sigurborg Viggósdóttir	Rauðanesi	1985-1986
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1986-1988
Jónína Pálsdóttir	Borgarnesi	1988-1989
Finnur Ingólfsson	Borgarnesi	1989-1990
María Jóna Einarisdóttir	Borgarnesi	1990-1991
Jóna Björg Kristinsdóttir	Lindási	1991-1994
Kristín Finndís Jónsdóttir	Borgarnesi	1994-1996
Anna Steinssen	Borgarnesi	1996-1998
Hekla Gunnarsdóttir	Borgarnesi	1998-2000
Guðmundur Sigurðsson	Hvanneyri	2000-2006, 2007-2010
Bragi Axelsson	Bifröst	2006-2007
Elva Jónmundsdóttir	Arnþórsholti	2010-2012
Kristín Gunnarsdóttir	Lundi	2012-2015
Elva Pétursdóttir	Borgarnesi	2015-2018
Sigríður Bjarnadóttir	Borgarnesi	2018-2022
Sölvi G. Gylfason	Borgarnesi	2022-

RITARAR UMSB

Ari Guðmundsson	Skálpastöðum	1922-1926
Leifur Ásgeirsson	Reykjum	1926-1928
Ingibjörg G Björnsson	Borgarnesi	1928-1929
Jón Sigurðsson	Skíðsholtun	1929-1933
Jónas Ólafsson	Stafholti	1933-1935
Daníel Kristjánsson	Hreðavatni	1935-1936
Ásmundur Jónsson	Borgarnesi	1936-1938
Gestur Kristjánsson	Hreðavatni	1938-1942
Ingimundur Ásgeirsson	Reykjum	1942-1945
Þórður Kristjánsson	Hreðavatni	1945-1947
Jón Þórisson	Reykholti	1947-1949
Magnús Sigurðsson	Gilsbakka	1949-1955
Sigmundur Einarsson	Kletti	1955-1956
Þorsteinn Pétursson	Miðfossum	1956-1957
Þórður Einarsson	Kletti	1957-1959
Bjarni Guðrúnsson	Nesi	1959-1961
Guðmundur Þorsteinsson	Skálpastöðum	1961-1965
Jón F Hjartarson	Borgarnesi	1965-1967
Kristján Benediktsson	Víðigerði	1967-1969
Sigurður B Guðbrandsson	Borgarnesi	1969-1971
Jón G Guðbjörnsson	Lindarhvoli	1971-1973
Sigmundur Hermannsson	Andakílsársvirkjun	1973-1975
Erla Kristjánsdóttir	Stóru Skógum	1975-1977
Birgir Karlsson	Leirárskóla	1977-1979
Haukur Ingibergsson	Bifröst	1979-1981
Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri	1981-1983
Þórólfur Sveinsson	Ferjubakka	1983-1985
Sigríður Þorvaldsdóttir	Hjarðarholti	1985-1986
Þórarinn Pálmi Jónsson	Borgarnesi	1986-1987
Gísli Einarsson	Ásbrún	1987-1989
Brynjólfur Guðmundsson	Hlöðutúni	1989-1991
Sigríður V Finnbogadóttir	Borgarnesi	1991-1993
Kristín Finndís Jónsdóttir	Borgarnesi	1993-1994
Ingimundur Ingimundarson	Borgarnesi	1994-1995
Valdimar K Sigurðsson	Borgarnesi	1995-1997
Þuríður Jóhannsdóttir	Borgarnesi	1997-2001
Harpa Kristjánsdóttir	Hrafnabjörgum	2001-2002
Helga Karlsdóttir	Borgarnesi	2002-2005
Guðríður Ebba Pálsdóttir	Borgarnesi	2005-2010
María Hlín Eggertsdóttir	Lækjarmel	2010-2013
Þórhildur María Kristinsdóttir	Reykholtssdal	2013-2015
Sólrún Halla Bjarnadóttir	Hvanneyri	2015-2016
Þórkatla Þórarinsdóttir	Borgarnesi	2016-2017
Kristín Gunnarsdóttir	Lundi	2017-2019
Bjarni Þór Traustason	Borgarnesi	2019-2021
Rakel Dögg Sigurgeirsdóttir	Borgarnesi	2021-2023

MEÐSTJÓRNENDUR UMSB

Jón Hannesson	Deildartungu	1912-1913
Andrés Eyjólfsson	Síðumúla	1912-1914
Bjarni Ásgeirsson	Knarrarnesi	1913-1915
Jón Hannesson	Deildartungu	1914-1916
Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1915-1916
Guðmundur Jónsson	Hvítarbakka	1916-1917
Sigurður Sigurðsson		1916-1917
Páll Zóphóníasson	Hvanneyri	1917-1920
Jón Hannesson	Deildartungu	1918-1919
Vigfús Guðmundsson	Borgarnesi	1919-1920
Kristinn Guðmundsson	Hvanneyri	1920-1921
Steingrímur Steinþórsson	Hvanneyri	1920-1921
Sigurður Snorrason	Laxfossi	1921-1922
Magnús Jakobsson	Varmalæk	1921-1922
Jón Þórisson	Reykholti	1944-1947
Guðmundur Eggertsson	Litlakroppi	1944-1945
Arinbjörn Magnússon	Borgarnesi	1945-1947
Björn Jónsson	Deildartungu	1947-1950
Ellert Finnbogason	Hvanneyri	1947-1950
Stefán Halldórsson	Borgarnesi	1950-1952
Þórður Kristjánsson	Hreðavatni	1950-1958
Hörður Jóhannesson	Borgarnesi	1952-1953
Snorri Þorsteinsson	Hvassafelli	1953-1954
Haraldur Sigujónsson	Hvanneyri	1954-1956
Sigurður B. Guðbrandsson	Borgarnesi	1956-1958
Geir Björnsson	Borgarnesi	1958-1962
Sveinbjörn Beinteinsson	Draghálsi	1958-1961
Bjarni Helgason	Laugalandi	1961-1967
Georg Hermannsson	Borgarnesi	1962-1964
Friðjón Sveinbjörnsson	Borgarnesi	1964-1966
Sigurður R. Guðmundsson	Leirá	1966-1974
Sveinn Jóhannesson	Flóðatanga	1967-1971
Gísli V. Halldórsson	Borgarnesi	1971-1973
Guðmundur Þ Brynjúlfsson	Borgarnesi	1973-1975
Klemenzt Halldórsson	Dýrastöðum	1975-1979
Ingibjörg Daníelsdóttir	Fróðastöðum	1979-1981
Pétur Diðriksson	Helgavatni	1981-1982
Birgir Guðmundsson	Borgarnesi	1982-1984
Finnbogi Leifsson	Hítardal	1984-1986
Einar Ole Pedersen	Álftártungukoti	1986-1988
Hallgrímur Jónsson	Gröf	1988-1989
Gísli Sverrisson	Hvanneyri	1989-1991
Einar K. Jónsson	Saurbæ	1991-1992
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1992-1993
Ásdís Helga Bjarnadóttir	Hvanneyri	1993-1996
Erla Gunnlaugsdóttir	Laugalandi	1996-2001

MEÐSTJÓRNENDUR UMSB

Sigmar Gunnarsson	Rauðanesi	2001-2009
Veronika Sigurvinsdóttir	Borgarnesi	2009-2011
Aðalsteinn Símónarson	Borgarnesi	2011-2015
Þórhildur María Kristinsdóttir	Reykholtsdal	2015-2017
Anna Dís Þórarinsdóttir	Reykholtsdal	2017-2019
Rakel Guðjónsdóttir	Síðumúlaveggjum	2019-2023

VARASAMBANDSSTJÓRARAR UMSB


Gísli V. Halldórsson	Borgarnesi	1974-1978
Jón Gíslason	Lundi	1978-1979
Bjarni Guðmundsson	Hvanneyri	1979-1980
Helgi Bjarnason	Borgarnesi	1980-1982
Pétur Diðriksson	Helgavatni	1982-1983
Þuríður Jóhannsdóttir	Jaðri	1983-1985
Hallfreður Vilhjálmsón	Kambshóli	1985-1987
Björn Júlíusson	Hvanneyri	1987-1988
Einar Ole Pedersen	Álftartungukoti	1988-1989
Þorvaldur Jónsson	Reykholti	1989-1990
Guðrún Sigurjónsdóttir	Glitstöðum	1990-1992
Einar K. Jónsson	Saurbæ	1992-1996
Þorsteinn Viggósson	Borgarnesi	1996-2000
Björn Bjarki Þorsteinsson	Borgarnesi	2000-2002
Þórhildur Þorsteinsdóttir	Brekku	2002-2003
Axel Vatnsdal	Borgarnesi	2003-2004
Júlíus Jónsson	Borgarnesi	2004-2005
Torfi Jóhannesson	Hvanneyri	2006-2007
Friðrik Áspelund	Hvanneyri	2007-2008
Berglind Long	Hvanneyri	2008-2009
Rósa Marínósdóttir	Hvanneyri	2009-2012
Ásgeir Ásgeirsson	Stafholtstungum	2012-2015
Guðrún Þórðardóttir	Kleppjárnsreykjum	2015-

Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 – 2022

1980	Jón Diðriksson	Frjálsar íþróttir
1981	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1982	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1983	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1984	Einar Vilhjálmsson	Frjálsar íþróttir
1985	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1986	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1987	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1988	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1989	Margrét Brynjólfsdóttir	Frjálsar íþróttir
1990	Bergþór Ólafsson	Frjálsar íþróttir
1991	Íris Grönfeldt	Frjálsar íþróttir
1992	Ingi Valur Þorgeirsson	Lyftingar
1993	Ingi Valur Þorgeirsson	Lyftingar
1994	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1995	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1996	Sigmar H. Gunnarsson	Frjálsar íþróttir
1997	Halldóra Jónasdóttir	Frjálsar íþróttir
1998	Einar Trausti Sveinsson	Frjálsar íþróttir
1999	Kristín Þórhallsdóttir	Frjálsar íþróttir
2000	Einar Trausti Sveinsson	Frjálsar íþróttir
2001	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2002	Sigurkarl Gústavsson	Frjálsar íþróttir
2003	Sigurkarl Gústavsson	Frjálsar íþróttir
2004	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2005	Gauti Jóhannesson	Frjálsar íþróttir
2006	Tinna Kristín Finnbogadóttir	Skák
2007	Sigurður Þórarinnsson	Körfubolti
2008	Bjarki Pétursson	Golf
2009	Trausti Eiríksson	Körfubolti

Íþróttamaður Borgarfjarðar 1980 – 2022 frh.

2010	Bjarki Pétursson	Golf
2011	Bjarki Pétursson	Golf
2012	Bjarki Pétursson	Golf
2013	Konráð Valur Sveinsson	Hestaíþróttir
2014	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna /karfa og frjálsar
2015	Helgi Guðjónsson	Knattspyrna
2016	Sigrún Sjöfn Ámundadóttir	Körfuknattleikur
2017	Máni Hilmarsson	Hestaíþróttir
2018	Bjarni Guðmann Jónsson	Körfuknattleikur
2019	Bjarki Pétursson	Golf
2020	Bjarki Pétursson	Golf
2021	Kristín Þórhallsdóttir	Kraftlyftingar
2022	Kristín Þórhallsdóttir	Kraftlyftingar



Ársskýrslur aðildarfélaga

Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar

Árið 2022 var full rólegt hjá félaginu og frá litlu að segja. Á síðastliðnu ári vorum við með æfingar fyrir allan aldur, einu sinni í viku voru æfingar í sal íþróttamiðstöðvarinnar annars vegar fyrir yngsta stig grunnskólans og strax á eftir fyrir mið- og elsta stig. Þrekæfingar voru svo í boði fyrir mið- og elsta stig en þær æfingar fóru fram úti og í þreksal.



Þórunn Tinna sá um æfingarnar fyrir okkur og stóð sig mjög vel.

Í sumar þótti því miður ekki vera nægur áhugi til að halda úti æfingum og ekki tókst að halda mót.

Stjórnarmenn héldu áfram í sínum stöðum. Unnur Jónsdóttir hélt áfram sem formaður félagsins og Sæunn Ósk Kjartansdóttir hélt áfram starfi sínu sem gjaldkeri, Hafrún Birta Hafliðadóttir hélt áfram sem ritari. Meðstjórnendur voru Harpa Rut Jónasdóttir og Sigríður Ása Guðmundsdóttir.

Eins og sést hefur starf félagsins verið í lægð (fyrir utan æfingar félagsins) og verður það markmið okkar að bæta úr því á komandi ári bæði með þátttöku á mótum utan héraðs og vonandi tekst að endurvekja vormót félagsins.

Golfklúbbur Borgarness

Ársskýrsla stjórnar Golfklúbbs Borgarness 2022

Í stjórn klúbbsins:

Formaður Ingvi Árnason

Varaformaður Andri Daði Aðalsteinsson

Ritari Elva Pétursdóttir

Gjaldkeri Margrét Guðnadóttir

Meðstjórnandi Ómar Örn Ragnarsson



Inngangur

Að baki er 49. starfsár klúbbsins. Árið hafði sína sérstöðu eins og flest ár í starfsemi klúbbsins. Fyrsta ár eftir Covid19. Engar takmarkanir á samkomum eða öðru. Golf leikið eins og það var leikið fyrir Covid. En við stóðum fram fyrir því „aftur“ að fylgja eftir einu besta rekstrarári í sögu klúbbsins! Og staðan var þannig að landinn var farin að sækja aftur erlendis í sínar golfferðir sem aldrei fyrr. Við settum okkur markmið að bjóða áfram upp á góða þjónustu og upplifun á Hamri. Það tókst ágætlega að halda sjó við þessar aðstæður. Aðsókn hjá okkur var ágæt, en færri rástíma seldir, en það var bætt nokkuð upp með góðri aðsókn að mótum okkar. Veðrið hafði áhrif á aðsókn. Hjá okkur var vorið gott, en sumarið kalt og haustið sérlega hlýtt til þessa dags. Öllu snúið á haus. Í Reykjavík var úrkoma sumarsins 19% yfir meðallagi áranna 1991-2022! En eins og við þekkjum hér á Hamri þá skýlir Skarðsheiðin okkur fyrir sunnan- og austanáttum, þannig að hér var þurrt veður þó rigndi sunnan heiðar. Þetta eru gestir okkar farnir að læra á.

Rekstur golfklúbbsins.

Í fjárhagsáætlun klúbbsins fyrir 2022 var gert ráð fyrir 71,6 m.kr í tekjur og 66,2 m.kr í gjöld og 5,4 m.kr í hagnað. Tekjur ársins voru 62,9 m.kr. Gjöld voru 59,8 m.kr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir 3,1 m.kr. Samdráttur var í tekjum af vallargjöldum samt. -5,1 m.kr! En aukning í tekjum af mótum var +3,0 m.kr. Þannig að lækkun á tekjum af þessum liðum var -2,1 m.kr. Nánar verður gerð grein fyrir rekstri klúbbsins hér á eftir þegar ársreikningur klúbbsins verður lagður fram.

Framkvæmdir, völlurinn.

Framkvæmdir á vallarsvæðinu á árinu voru fyrst og fremst á „Torginu“ við 1. og 12. teig. Svæðið var ræst út með drein-skurðum og 1. teigurinn endurbyggður. Einnig var sett niður „Smáhýsi“ fyrir ræsana okkar á mitt Torgið. Einnig var unnið að lagfæringum á fremri teigum vallarins.

Starfsmannamál

Jóhannes framkvæmdastjóri var áfram með vallarumsjón einnig eins og undanfarin ár.

Guðmundur Daníelsson Íþróttastjóri okkar og aðstoðarmaður framkvæmdastjóra GB. Hann hefur haft yfirumsjón með þjálfun og kennslu barna og unglinga og annarra félagsmanna GB. Hann kemur að daglegum rekstri GB, s.s. m.a. markaðsetningu, fjáröflun, félaga- og mótakerfi og öðru tilfallandi í samráði við framkvæmdstjóra.

Samtals voru 13 launaðir starfsmenn að störfum í sumar. Guðbrandur Magnússon, bifvélavirki sem sá um að halda gömlu vélunum okkar gangandi. Þegar hann var ekki í viðgerðum á vélum vann hann sem vallarstarfsmaður. Vallarstarfsmenn: Auðunn Atli Scott, Ásmundur Þór Guðmundsson, Bjarki Pétursson, Bordiuhof Valerii, Viacheslav Drahel, (Úkraínumenn) Magnús H Sigþórsson, Þorsteinn Logi Þórðarson, Þórður Sigurðsson, Þórhallur Teitsson „Sjálfbóðaliði“ og Guðríður Ebba Pálsdóttir verktaki.

Sérstakar þakkir færum við Þórhalli Teitssyni sem má segja að sé „hluti vallar“. Hann er þar flesta daga vikunnar við hirðingu vallarins, slátt og önnur tilfallandi verkefni. Hann er laginn með blásarann, heldur brautunum hreinum. Og einstaka golfkonur koma heim til sín með „blásið hár“ í kaupbæti. Ebba var á sínum stað, að grisja, kurla, planta, skreyta og fegra. Það er ekki lítið sem þessir starfsmenn hafa lagt til klúbbsins, hafa gefið vinnu sína meira og minna. Án þeirra væri þetta ekki hægt. Þessum starfsmönnum, bæði launuðum og ólaunuðum, vil ég færa bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Sérstakar þakkir vil ég færa Jóhannesi fyrir framlag hans. Verkefnin eru marþætt, nauðsynlegar framkvæmdir til að viðhalda og bæta golfvöllinn. Einnig er mikil törn á vorin við að koma golfvöllinum í stand fyrir opnun, að koma flötunum, teigum, stigum í stand. Hann hefur haldið rekstrarkostnaði klúbbsins niðri síðustu árin og á sama tíma gert völlinn að einum þeim besta í landinu.

Mótahald

Skráð mót á Hamarsvelli sumarið 2021 voru 51. Mót hópa/fyrirtækja 20. Á vegum klúbbsins voru haldin 22 innanfélagsmót og 7 almenn opin mót. Klúbburinn sá um að halda eitt GSÍ mót. Íslandsmót golfklúbba – eldri kylfinga 1. deild. Tekjur af mótahaldi hækkuðu á milli ára úr 11,7 m.kr í 14,7 m.kr.

Fjöldi félaga, tekjur af félags- vallar og mótagjöldum

Félögum klúbbsins fjölgaði um 32 frá fyrra ári, eru nú 318. Tekjur af félags- vallar- og mótagjöldum eru nú samtals 56,6 m.kr. Voru 58,6 á síðasta ári, lækkuðu um 2,0 m.kr.

Árangur félaga GB á árinu

Bjarki Pétursson og Hansína Þorkelsdóttir voru klúbbmeistarar árið 2022.

Íslandsmót Golfklúbba fór fram í ágúst, fjórar sveitir tóku þátt í keppninni í ár.

Kvennasveitin lék í 2. deild á Selfossi og varð í 5. sæti og heldur sínu sæti í 2. deild.
 Karlasveitin lék í 3. deild á Ísafirði og varð í 4. sæti og heldur sínu sæti í 3. deild.
 Konur 50+ léku í Leirunni í 2. deild og urðu í 5. sæti og halda sínu sæti í 2. deild.
 Karlar 50+ léku í Borgarnesi í 1. Deild og urðu í 7. sæti og halda sínu sæti í 1. deild.
 Vesturlandsmót Kvenna fór fram á Hamarsvelli. Konurnar okkar sigruðu! Með einum punkt.
 Naumt var það.

Inniðstaða

Guðmundur Daníelsson Íþróttastjóri sá um golfkennslu hjá okkur. Þegar við misstum aðstöðuna í Eyjunni lögðust inniæfingar af. Unnið var að því að fá aðstöðu í Menntaskólanum. Okkur var boðinn lítill salur um 90 m² og var settur upp 9 holu púttvöllur og bás fyrir golfhermi. Það var komið fram undir vor þegar þetta var klárt. Guðmundur var með æfingatíma fyrir börn og unglinga í aðstöðunni. Það skerti notkun á þessu rými að ekki var hægt að komast inn í salinn nema á opnunartíma menntaskólans.

Samstarfsaðilar

Samstarfið við Hótel Hamar gekk vel. Breyting var á, nú eftir Covid voru ferðamenn mættir aftur þannig að nýting hótelsins var breytt. Kylfingar nýttu „Golf og gistingu“ eins og áður en í minna mæli en áður. Sammerkt með öllum eru kylfingar ánægðir með alla aðstöðu og þjónustu sem veitt er þar. Enda er þetta samstarf einstakt hér á landi. Hér eru kylfingar að upplifa „Golfferða“ stemmingu hjá okkur á Hamri. Við færum þeim Sigurði, Bryndísi, Pétri, og öðru stafsólki Hótel Hamars bestu þakkir fyrir samstarfið á liðnu ári.

Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um helstu atriði í starfsemi Golfklúbbsins. Gerð er grein fyrir starfi nefnda í sérstökum skýrslum sem lagðar eru fram hér á fundinum. Lokið er 49. starfsári okkar og aðeins er 1 ár í 50 ára afmæli klúbbsins. Tímin líður hratt!

F. h. stjórnar Golfklúbbs Borgarness

Ingvi Árnason

Golfklúbburinn Glanni

Vinnudagur var 30. apríl þá mættu stjórnarmenn og félagsmenn og unnið var við frágang á skurðum, við flatir eftir niðurstetningu á vökvunarkerfi. Völlurinn var svo opnaður opinberlega 14. maí. Sumarið fór vel af stað og völlurinn opinn til loka september og þá voru flatir tappagataðar og sandbornar.

Tekjur af vallargjöldum voru mun minni en árið áður og er það líklega vegna þess hvað landsmenn voru ferðaglaðir. Eins og kemur fram á ársreikningi þá var tap á rekstrinum og er það í fyrsta skiptið eftir að golfklúbburinn hóf að reka völlinn.



Eins og undanfarin mörg ár þá hafa stéttafélögin í Munaðarnesi verið með samstarfssamning við golfklúbbinn.

Vökvunarkerfi var sett niður við fimm flatir haustið 2021 og reyndist það mjög vel í sumar og sparaði töluverða vinnu.

Rekstraraðili á kaffihúsinu í Munaðarnesi sá um rekstur á golfskálanum.

Í lok apríl var byrjað á að reisa ný salerni og lauk þeirri vinnu að mestu í lok júlí. Síðan átti að hefjast handa við að stækka veitingaskálan en þeirri framkvæmd var frestað og vonandi getum við byrjað á þeirri vinnu í vor.

Opna Glannamótið var haldið 13. Ágúst 2023 og var vel sótt og mikil ánægja með það. Svo voru nokkrir hópar golfara sem mættu á völlinn og voru mjög ánægðir með völlinn.

Við vorum með tvo starfsmenn á launum, annar þeirra ætlar að vera hjá okkur næsta sumar en ekki er búið að ráða annan. Engin nemandi frá Vinnuskóla Borgarbyggðar var með okkur þetta sumarið.

Golfvöllurinn okkar var í mjög góðu standi síðastliðið sumar og mikið tekið eftir því hvað flatirnar voru góðar. Vonandi verður tíðin þannig í vetur að völlurinn komi vel út í vor og það vori snemma.

Aðalfundur var haldinn 7. febrúar 2023. Ný stjórn var kosin. Viðar Þorsteinsson sem hefur verið í stjórn frá upphafi og starfaði við undirbúning vallarins gaf ekki kost á sér til stjórnarsetu. Honum var þakkað fyrir vel unnin störf.

Í stjórn eru:

- Snorri Þórðarson formaður,
- Snorri Bergmann varaformaður,
- Unnur Ingibjörg Jónsdóttir meðstjórnandi,
- Kristbjörg Lilja Rúnarsdóttir ritari,
- Bjarni Heiðar Halldórsson gjalkeri
- Jón Freyr Jóhannsson varamaður.

f.h. Golfklúbbsins Glanna,

Snorri Þórðarson formaður

Hestamannafélagið Borgfirðingur

Skýrsla hestamannafélagsins Borgfirðings

Hestamannafélagið Borgfirðingur telur í dag 446 féлага. Stjórnin er samansett af Eypór Gíslason formaður, Þórdís Arnardóttir gjaldkeri, Rósa Björk ritari, Sigurþór Ágústsson varaformaður og aðrir stjórnarmenn Haukur Bjarnason, Brynja Gná, Baldur Pétursson og Þóra Árnadóttir.



Farið var að vinna í skuldavanda Seláss og fóru fulltrúar úr stjórn á fund með byggðarráði Borgarbyggðar. Á fundinum var farið yfir stöðuna á félaginu og kynnt var fyrir byggðarráðinu hvaða hugmyndir Borgfirðingur hafði til að vinna að lausn á vandanum. Tóku fulltrúar í byggðarráði vel í þær hugmyndir sem voru lagðar á borðið. Niðurstaðan varð að þau samþykktu að farið yrði í framkvæmd á tillögu okkar í hestamannafélaginu. Kunnum við Borgarbyggð bestu þakkir fyrir að vera jákvæð í þessari vinnu og að koma með okkur í þetta verkefni.

Úrtökumót fyrir landsmót hestamanna vegna hestamannafélaga á Vesturlandi var haldið á okkar félagssvæði. Í framhaldi var farið á landsmót hestamanna sem haldið var á Hellu. Þar áttum við í Borgfirðing mjög flotta fulltrúa sem stóðu sig vel og langar mig að nefna sérstaklega árangurinn hennar Kristínar Eir Hauksdóttur en hún vann það mikla afrek að vinna barnaflokkinn á landsmóti sem er stærsti titill sem hægt er að vinna. Haldið var hestaleikjanámskeið þar sem börnin mættu bæði með sína eigin hesta og var einnig í boði að fá lánaða hesta og reiðtygi fyrir þau börn sem ekki höfðu kost á að skaffa sér hross sjálf. Lánshrossin fengu börnin hjá Reiðskóla Guðrúnar Fjeldsted og kunnum við henni bestu þakkir fyrir. Haldið var námskeið með reiðkennaranum Denise Weber. Námskeiðið var einstaklingsmiðað allt frá byrjendum og upp í þjálfun hrossa og knapa fyrir keppni. Tókust reiðnámskeið mjög vel í allastaði.

Hestamannafélagið Borgfirðingur sótti um framkvæmdastyrk til Borgarbyggðar vegna fjögurra verkefna sem við fórum í á árinu. Sótt var um styrk vegna lagfæringar á hljóðvistun í félagsheimilinu okkar. Einnig var sóttum við um styrk vegna lýsingar á vallarsvæðinu ásamt lagfæringu á keppnisvell. Einnig sóttum við um styrk vegna lagfæringar á lýsingu utan á reiðhöllina. Við fengum styrk í öll verkefninn og kunnum við Borgarbyggð bestu þakkir fyrir það. Það er gaman að segja frá því að við höfum lokið við öll verkefnin og gekk framkvæmdin mjög vel. Þá var einnig keypt ný aðgangsstýring á reiðhöllina og er unnið að því að tengja hana og ætti það að klárast á næstu dögum.

Dagana 3. til 6. ágúst hélt félagið Íslandsmót barna og unglunga hér á mótssvæðinu okkar og var það stærsti viðburðurinn sem við höldum á starfsárinu. Mótahald af þessari stærðargráðu krefst mikillar skipulagningar og óeigingjarnar vinnu fjölmargra félagsmanna. Mótið gekk í alla staði mjög vel og megum við vera stolt af því hvernig tókst til. Gestir mótsins, bæði börn og foreldrar voru ánægðir með gestrisni okkar og aðstöðu.

Þá hélt mótanefnd KB mótariðina ásamt íþróttamóti og gæðingamóti. Mótanefndin kom einnig að úrtökumóti Vesturlands. Það voru fleiri mót haldin eins og kvennatölt og fleira. Öll þessi mót tókust mjög vel og voru vel fjármögnuð.

Síðasta vetrardag þann 20. apríl hélt Borgfirðingur reiðhallarball með hljómsveitinni Stuðlabandinu. Var ágætis mæting á ballið þó að við sem komum að þessu hefðum viljað fá enn fleiri.

Að lokum vil ég þakka fyrir starfsárið. Þetta hefur verið skemmtileg vinna með góðu og skemmtilegu fólki. Vil ég þakka öllum þeim fjölmörgu sem hafa komið að sjálfböðavinnu hjá félaginu á starfsárinu. Svona félagsskapur gengur ekki nema með óeigingjarnri vinnu ykkar félagsmanna. Einnig vil ég þakka öllum okkar styrktaraðilum sem hafa verið okkur afar góðir. Einnig vil ég þakka Borgarbyggð fyrir góðan skilning á starfinu okkar og styrkina sem komu sér vel í endurbætur á félagssvæðinu.

Eyþór Gíslason
Formaður

Hjólreiðafélag Vesturlands

Ársskýrsla Hjólreiðafélags Vesturlands

Fyrsta starfsár 22. febrúar 2022 – 9. febrúar 2023

Stofnun félagsins

Hjólreiðafélag Vesturlands var stofnað 22. febrúar 2022. Fundurinn var haldinn á Bara bar í Borgarnesi og var einnig streymt. Það var Helgi Guðmundsson sem átti frumkvæði að stofnun félagsins, en hann boðaði til undirbúningsfundar haustið áður og var þar skipuð undirbúningsnefnd.

Fyrsta stjórn félagsins var kosin; Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir formaður (Borgarnes), Haukur Erlingsson gjaldkeri (Borgarnes), Dagný Pétursdóttir ritari (Borgarnes), Ragnar Ingi Sigurðsson meðstjórnandi (Stykkishólmur) og Reynir Georgsson meðstjórnandi (Akranes), auk varamannanna Guðgeirs Guðmundssonar (Akranes) og Níels Hermannssonar (Dalir).



Efnt var til samkeppni um lógó og komu þó nokkrar hugmyndir inn. Kosið var svo um lógó og endaði það svo að lógó sem Inga Hrönn sendi inn vann og er það lógó félagsins í dag.

Eftir stofnun félagsins var sótt um inngöngu í UMSB til þess að fá svo inngöngu í ÍSÍ og Hjólreiðasamband Íslands. Ástæðan fyrir því að UMSB var valið er að það er miðsvæðis og þau voru tilbúin að aðstoða okkur við þetta. Öllum gögnum var skilað inn til UMSB fyrir sambandsþing í lok mars 2022 og var Hjólreiðafélag Vesturlands samþykkt með fyrirvara um samþykki ÍSÍ.

Öllum gögnum var strax skilað inn til ÍSÍ af hálfu UMSB en það tók mjög langan tíma að fá svör frá ÍSÍ, þrátt fyrir ítrekanir og svar kom ekki fyrr en 11. nóvember 2022. Það var samþykkt með fyrirvara um nokkrar smávægilegar breytingar á orðalagi og innslætti í lögnum. Við fengum svo samþykki fyrir inngöngu í HRÍ í janúar 2023.

Viðburðir

Fyrsta samhjól hjólafélagsins var samhjól frá Skallagrímsgarði í Einkunnir 1. maí 2022. Vel var mætt og tókst vel. Farið var nokkrum sinnum upp í Einkunnir.

26. maí var smá fjölskyldudagur í Borgarnesi og þar fórum við hjólarúnt með krakka, löggan kom líka og hitti okkur og fór yfir öryggisatriði.

Hjól Vest hjólaði yfir Skarðsheiðina 4. júní, sem er ferð sem farin hefur verið í nokkur ár, en í fyrsta sinn undir merkjum Hjól Vest. Í þetta sinn buðum við einnig upp á leið fyrir krakka og aðra sem ekki treystu sér yfir heiðina. Endaði svo í grilluðum pulsum og með því.

12. júní hjóluðu félagar í Hjól Vest af stað með Þorsteini Eypórssyni Vestfjarðarhringinn. En Steini safnaði fyrir Píeta samtökin með þessari ferð. Hann kláraði hringinn 22. júní og

hjóluðum við með honum síðasta spölinn þar sem vel var tekið á móti honum við Skallagrímssgarð.

Hjólað fyrir hjartað, Björn Ófeigsson kom og hjólaði með okkur um Borgarnes 25. júní. En hann stendur fyrir síðunni hjartalif.is og hefur hjólað mikið á rafmagnshjóli eftir veikindi sem hann lenti í.

Guðgeir stóð fyrir nokkrum hjólaferðum á Akrafjall í ágúst.

3. september hjóluðum við frá Ólafsvík og yfir jökulhálsinn. Það var smá þoka til að byrja með en svo fengum við dásamlegt útsýni á toppnum og æðislegt veður þegar yfir hálsinn var komið. Endað í grilli.

Í lok september tókum við þátt í Be active, Hreyfiviku Evrópu, og vorum með Samhjól á Akranesi, Borgarnesi og í Stykkishólmi.

Hjólað var eftir ísilögðu Skorradalsvatni 28. desember.

Þó nokkur samhjól sem skipulögð voru með styttri og lengri fyrirvara voru farin, stundum skipulögð af stjórn og stundum af einhverjum félagsmönnum sem settu inn á facebook-hóp félagsins stað og stund.

Við hjóluðum líka saman nokkrum sinnum á Zwift í vor og svo í haust fórum við að hafa regluleg samhjól á Zwift – 1x í viku, miðvikudagskvöld og ætlum að halda því fram á vor a.m.k.

Fjáraflanir

Hjólreiðafélagið tók þátt í hjóladögum í Sumarfjöri í Borgarnesi. Guðríður Hlíf og Haukur fóru 2 daga, 2 tíma í senn. Kynntu mismunandi hjól fyrir krökkunum, fóru yfir öryggisbúnað, Haukur kíkta á hjólin og yfirför þau með krökkunum og svo fórum við í hjólaferð um Borgarnes. Gekk vel.

Hjólreiðafélag Vesturlands sá svo um kaffisölu á Landsmóti 50+ í Borgarnesi.

Framundan

- Í mars er stefnt að viðhalds- og viðgerðarnámskeiðum.
- Skarðsheiðarferðin árlega fyrstu helgina í júní.
- Landsmót 50+ í Stykkishólmi – hjólakeppni og hjólaferð.
- Zwift samhjól 1x í viku.
- Virkja krakka á öllum svæðum og hafa hjólaæfingar/samhjól með þeim.
- Styttri og lengri samhjól.
- Og margt fleira sem ekki er búið að festa.

F.h. stjórnar Hjólreiðafélags Vesturlands

Guðríður Hlíf Sigfúsdóttir formaður

Badmintondeild Skallagríms



Stjórn

Gjaldkeri: Svala Eyjólfsdóttir

Meðstjórnandi: Ísfold Rán Grétarsdóttir

Þjálfari deildarinnar á haustönn var Ísfold Rán Grétarsdóttir og á vorönn bættist við Advait Vanarse, en hann var ráðinn til starfa frá heimalandi sínu Indlandi í samstarfi við ÍA. Advait er með meistaragráðu í íþróttasálfræði og hefur mikla reynslu af badmintonþjálfun. Advait og Ísfold mynda saman þjálfarateymi deildarinnar og hafa bæði staðið sig með þrýði. Æfingar hafa gengið vel og heyrst hefur að aukinn metnaður hafi hlaupið í æfingarnar eftir áramót með tilkomu nýs þjálfara.

Engar fjáraflanir voru haldnar en deildin stendur áfram sterk fjárhagslega og hafa þjálfarar og stjórn verið að endurnýja búnað. Þjálfarar fengu búninga og til stendur að endurnýja net. Stigatöflur voru keyptar síðasta vor svo að hægt væri að halda innanfélagsmót fyrir eldri hópinn, sem því miður komst ekki á mót vegna covid-19. Mótið gekk eins og í sögu og skemmtu iðkendur sér vel. Öll fengu þátttökumedalíur og voru veitt verðlaun fyrir 1.-3. sæti. Vetrinum var svo lokað með písupartýi.

Áfram eru trimmaratímar á mánudagskvöldum og fjölskyldutímar á sunnudögum.

Einhver mót hafa verið sótt en þau mættu gjarnan vera fleiri, enda nóg um að vera í badmintonhreyfingunni á Íslandi. Það væri því ágætismarkmið fyrir komandi mánuði að sækja mót sem boðið er til með reglulegri hætti.



Knattspyrnudeild Skallagríms

Ársskýrsla

Knattspyrnudeild Skallagríms 2022

Í þessari stuttu skýrslu verður gerð grein fyrir helstu verkefnum knattspyrnudeildar Skallagríms á árinu 2022 og hvernig starfsemin gekk fyrir sig.



Almennt um starf deildarinnar

Aðalfundur knattspyrnudeildar Skallagríms 2022 fór fram í maímánuði. Á fundinum var kosin stjórn deildarinnar og skipuðu hana eftirtaldir aðilar: Páll S. Brynjarsson, Hjalti R. Benediktsson, Álfheiður Sverrisdóttir, Elvar Atli Guðmundsson, Oddný Böðvarsdóttir, Ottó Ólafsson, Oliver Fjeldsted og Lilja B. Ágústsdóttir. Oddný Böðvarsdóttir, Ottó Ólafsson, Álfheiður Sverrisdóttir og Lilja B. Ágústsdóttir skipuðu yngri flokka ráð og þeir Hjalti R. Benediktsson, Páll S. Brynjarsson, Oliver Fjeldsted og Elvar Atli Guðmundsson skipuðu meistaraflokksráð.

Jón Theodór Jónsson starfaði sem framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar og í raun má segja að það skipti sköpum í starfi deildarinnar hafa fengið Jón til starfa.

Meistaraflokkur Skallagríms

Meistaraflokkur karla hjá Skallagrími lék í 4. deild sumarið 2022. Æfingar hófust í nóvember 2021 undir stjórn Sölva Gylfasonar, en þetta er fjórða tímabilið sem Sölvi þjálfar meistaraflokk Skallagríms. Declan Redmond var ráðinn aðstoðarþjálfari. Liðið tók þátt í Lengjubíkar KSÍ sem og bikarkeppni KSÍ, en féll út í fyrstu umferð. Íslandsmótið í fjórðu deild hófst um miðjan maí og fljótlega var ljóst að Skallagrímur yrði í toppbaráttunni í sínum riðli. Baráttan í A riðli 4. deildar var gríðarlega hörð, en því miður þá enduðum við í 3. sæti og komumst ekki í úrslitakeppnina þrátt fyrir að hafa fengið 33 stig í 14 leikjum. Tvö efstu liðin komust í úrslitakeppnina og vegna breytinga á fyrirkomulagi á neðri deildum fyrir árið 2023 var ljóst að þessi lið myndu leika í 4. deild árið 2023, en Skallagrímur yrði því miður í nýrri 5. deild. Hins vegar dró Einherji Vopnafirði sig úr keppni og því var ákveðið nýverið af stjórn KSÍ að Skallagrímur muni færa sig upp í 4. deild þar sem liðið náði bestum árangri þeirra liða sem enduðu í þriðja sæti í riðlum 4. deildar árið 2022.

Á uppskeruhátíð liðsins völdu leikmenn Elís Dofra Gylfason leikmann ársins og Arthúr Magnason var valinn efnilegasti leikmaðurinn. Elís Dofri Gylfason var markakóngur liðsins. Við vorum í samstarfi við ÍA í 2. flokki karla og léku nokkrir uppaldir Skallagrímismenn með sameiginlegu liði ÍA-Kára-Skallagríms sem lék í efstu deild í 2. flokki.

Yngri flokkar Skallagríms

Starfsemi yngri flokka Skallagríms gekk almennt vel á árinu 2022. Um 160 iðkendur mættu á æfingar hjá okkur á árinu, en undanfarið hefur iðkendum verið að fjölga hjá okkur. Jón Theodór

Jónsson, Declan Redmond, Oliver Fjeldsted og Dagbjört Haraldsdóttir störfuðu sem þjálfarar. Þá komu nokkrir ungir og efnilegir leikmenn að þjálfun og aðstoðuðu aðalþjálfarana.

Í Borgarnesi geta börn á aldrinum 6 til 14 ára æft knattspyrnu allan ársins hring. En elstu krakkarnir æfa með sameiginlegu liði ÍA/Skallagríms á Akranesi. Yfir sumarið býður félagið svo uppá æfingar fyrir krakka á leikskólaaldri. Allir flokkar sækja nokkur dagsmót yfir árið og keppa þar fyrir hönd félagsins, ásamt því að fara á eitt stærra mót á árinu.

7. flokkur drengja tók þátt á Norðurálmótinu á Akranesi, en stelpurnar kepptu á Síamamótinu í Kópavogi. 6. flokkur kvenna keppti á Síamamótinu og strákar fóru á Orkumótið í Vestmannaeyjum. 5. flokkur stráka tók þátt í Íslandsmótinu, Faxaflóamótinu og N1 mótinu. 5. flokkur stelpna tók þátt í Íslandsmóti, TM mótinu og á Síamamótinu. 4. flokkur stráka keppti í Íslandsmóti fyrir 8 manna lið. Allir flokkar stóðu sig vel á þeim mótum sem farið var á og voru félaginu til sóma.

Í 3. og 4. flokki stúlkna vorum við í samstarfi við ÍA og spiluðu sameiginleg lið þessara félaga í Íslandsmóti og stóðu sig vel. Í 3. og 4. flokki stráka vorum við líka í samstarfi við ÍA og þar var einnig spilað undir merkjum ÍA-Skallagríms með góðum árangri. Alls spiluðu um 20 ungmenni frá okkur með sameiginlegum liðum ÍA-Skallagríms. Samstarfið við ÍA var okkur mjög gagnlegt og að mörgu leyti vel heppnað. Það skiptir okkur miklu máli að geta boðið ungmönnum sem æfa með Skallagrími upp á samstarf sem þetta, en með því tekst okkur að bjóða þeim upp á að keppa með 11 manna liðum auk þess sem þau geta æft yfir vetrartímann við frábærar aðstæður, en þau æfa alla jafna tvisvar í viku yfir vetrartímann á Akranesi og tvisvar í Borgarnesi.

Það er mjög ánægjulegt að sjá hve vel starfið í yngri flokkunum hefur gengið undanfarið. Sérstaklega höfum við séð starfið hjá stelpunum eflast og í dag eigum við mjög efnilega yngri flokka. Þetta kom glöggt fram þegar 6. flokkur stelpna sigraði í sínum flokki á Síamamótinu í Kópavogi.

Lokaorð

Til þess að fótboltinn geti vaxið frekar í Borgarbyggð er nauðsynlegt að aðstaða til knattspyrnuíðkunar yfir vetrarmánuðina verði bætt. Fótolti er í dag íþrótt sem stunduð er allan ársins hring. Því fögnum við þeirri ákvörðun sveitarstjórnar Borgarbyggðar að ætla að byggja knattús sem mun gjörbreyta allri aðstöðu fyrir fótbolta í Borgarbyggð. Stjórn knattspyrnudeildar Skallagríms vill að lokum þakka öllum þeim sem komu að starfi deildarinnar fyrir vel unnin störf á árinu 2022. Sérstaklega viljum við þakka þjálfurum og iðkendum fyrir gott starf og foreldrum fyrir ánægjulegt samstarf. Það er von okkar að árið 2023 skili okkur góðum árangri og verði til þess að treysta enn frekar grunninn að árangursríku starfi Skallagríms.



Körfuknattleiksdeild Skallagríms

Aðalstjórn Körfuknattleiksdeildar Skallagríms (KKD) er skipuð eftirfarandi einstaklingum í árslok 2022. Formaður er Sigríður Bjarnadóttir og frá yngriflokkaráði í stjórn eru Arnar Víðir Jónsson og Sjöfn Hilmarsdóttir og úr meistaraflokksráði sitja þeir Óðinn Guðmundsson og Elfar Ólafsson í stjórn KKD. Í yngriflokkaráði eru: Sjöfn Hilmarsdóttir, Arnar Víðir Jónsson, Þorvaldur Ásberg Kristbergsson og Birgitta Rán Ásgeirsdóttir. Í meistaraflokksráði eru: Óðinn Guðmundsson, Elfar Ólafsson og Þorsteinn Þórarinnsson.



Lára Magnúsdóttir er starfsmaður deildarinnar í 50% starfi en hún tók við starfinu í desember. Áður var hún í stjórn KKD og fulltrúi í meistaraflokksráði.

Í lok 2022 voru iðkendur 163 talsins og skipulagðar æfingar í 12 flokkum kk og 9 flokkum kvk. 1.-2. bekkur kk og kvk æfir saman eins og 3.-4. flokkur kk og kvk auk þess sem að nokkrir aldursflokkar æfa saman. Í vetur hefur Skallagrímur verið með flokka í yngri deildum á Íslandsmóti og staðið sig vel. Iðkendurnir okkar taka þátt í ríflega 225 leikjum á tímabilinu fyrir utan úrslitakeppnir og ýmis yngriflokkamót félaga. Í haust tókst okkur að semja við góðan hóp af uppöldum drengjum og eldri yngri flokkar voru endurvaktir og tefldum við fram bæði 12. og ungmennaflokki kk frá hausti. Gríðarlega ánægjulegt og gott að fá unga fólkið aftur tilbaka til okkar.

Meistaraflokkur kk endaði í 7. sæti á síðasta tímabili og varð af úrslitakeppninni en yfirstandandi tímabil hefur gengið mun betur og liðið situr nú í 3ja sæti. Megin markmið KKD fyrir tímabilið '22-'23 var að ná samningum við unga uppalda Skallagrímismenn sem höfðu fært sig yfir í önnur lið síðustu ár og með því að byggja upp sterkan kjarna heimamanna með rétttri blöndu af erlendum leikmönnum. Vel tókst til og góður andi yfir liðinu og er stór hluti þess einnig að spila í ungmennaflokki.



Meistaraflokkur Skallagríms keppnistímabilið 2022-23

Ákvörðun var tekin um að skrá ekki mfl kvk til leiks síðasta haust og nota þetta tímabil til að undirbúa endurkomu þeirra vel. Árgangar hjá stúlkum hafa verið aðeins götóttir en vonandi tekst okkur að ná samfellu fyrr en síðar og efla stúlknaflokkana enn betur. Við höfum haft töluverðar áhyggjur af brottfalli barna og unglinga almennt úr íþróttum og í samvinnu við UMSB og sveitarfélagið er stefnt að því að efla liðsheildina og að leita leiða til að sporna við brottfalli.

Skallagrímur átti 11 iðkendur, 4 kvk og 7 kk, í æfingahópum landsliða á árinu, 10 í yngri flokkum og 1 í æfingahóp A-landsliðs kk. Segir þetta okkur að við eigum frambærilega einstaklinga og einnig vitnisburður um gott yngriflokkastarf.

Stjórn KKD tilnefndi Bjarna Guðmann Jónsson til íþróttamanns Borgarfjarðar en Bjarni æfir og spilar með Fort Hays State University í Bandaríkjunum.

Þjálfarahópurinn er vel blandaður af reynslumiklum þjálfurum og ungum þjálfurum sem eru að stíga sín fyrstu skref í þjálfun. Á árinu 2022 komu alls 17 einstaklingar að þjálfun hjá deildinni og auk þess fjöldinn allur af aðstoðarfólki. Eitt af megin markmiðum KKD er að allir sem komi að þjálfun hafi eða sækji sér reglulega menntun til að viðhalda og bæta gæði starfsins.



Á yfirstandandi tímabili er KKD með um 42 klst í æfingatíma á viku í Íþróttamiðstöðinni í Borgarnesi. Flokkarnir eru alls 22 bæði kk og kvk. Nokkrir flokkar æfa saman en ef hver og einn flokkur væri sér myndi þeir fá að meðaltali tæplega 2 klst í æfingar á viku. Aðalástæður fyrir því að flokkar æfa saman er of lítið framboð á æfingatímum í íþróttamiðstöðinni og árgangar mis stórir. Ef við berum okkur saman við önnur félög í kringum okkur í sömu flokkum þá eru okkar iðkendur að fá allt að 100 færri mínútur á viku. Auk þess að æfingatíminn sé þétt setinn í húsinu þá eru skráðir ríflega 104 leikir í Íslandsmóti, bikarkeppni og fjölíðamótum í íþróttamiðstöðinni á tímabilinu '22-'23. Það þýðir um 4 leikir á viku sem þýðir að u.þ.b. 6 æfingar falla niður á viku hjá öðrum flokkum KKD eða öðrum íþróttadeildum sem eiga tíma í húsinu.

Mikið er um keppnisferðir og leiki hjá iðkendum og eru mót eða leikir hverja helgi hjá einhverjum aldursflokki. Það er því gott að sjá hvað við eigum gott bakland í sjálfbóðaliðum þegar kemur að ferðalögum og mótahaldi á heimavelli, en alltaf eru einhverjir tilbúnir að leggja hönd á plóg til að aðstoða við að allt gangi upp bæði við ferðalög og mótahald hér heima.

Margir sjálfbóðaliðar starfa í kringum deildina og eru störf þeirra ómetanleg bæði fyrir félagið og ekki síður fyrir samfélagið í heild. Kröfur vaxa á gæði starfsins jafnt og þétt með hverju árinu sem líður og takmarkað sem hægt er að leggja á sjálfbóðaliðana og takmarkað sem þeir geta tekið við. Á árinu hófst vinna við endurskoðun á stefnu deildarinnar. Þeirri vinnu er ekki lokið að fullu. Þó tókst að klára endurskoðun á þjálfarahandbók fyrir upphaf yfirstandandi tímabils og var hún kynnt þjálfurum í haust.

KKD vill þakka samstarfsaðilum og styrktaraðilum fyrir stuðninginn og ekki síður íbúum sveitarfélagsins fyrir að sækja viðburði, styðja við bakið á okkur í okkar fjáröflunum og fyrir að versla við nytjamarkaðinn okkar. Hann hefur verið okkur ein af okkar öflugustu tekjulindum á liðnu ári og alveg nauðsynlegur liður í hringrásarhagkerfi okkar allra.

Eftir erfitt covid tímabil og erfitt fjárhagstímabil sjáum við fram á bjartari tíma. Áherslur næsta tímabils munu vera að bæta enn frekar og halda áfram öflugu yngriflokkastarfi og fá inn fleiri iðkendur. Það má þó segja að íþróttahúsið hafi áhrif á hversu mikið deildin getur vaxið og getum við ekki gert allt það sem okkur langar að gera til að ná að þjónusta sem best við okkar iðkendur. Við munum samt sem áður gera okkar besta með það sem við höfum. Stefnt er að því að halda vel utan um leikmannahópa meistaraflokks kk og að halda þeim samkeppnishæfum í sinni deild sem vonandi skilar þeim í úrslitakeppni og mögulega upp í efstu deild. Áhersla verður lögð á að hefja aftur æfingar hjá ungmenna- eða meistaraflokki kvk á næsta tímabili. Áhersla verður lögð á að styðja þjálfara deildarinnar til að efla sig í þeirra starfi með því að sækja námskeið og aðra menntun á sviði þjálfunar. Einnig verður stutt við bakið á þeim sem hafa áhuga á því að ná sér í dómara réttindi sem og þeim sem vilja sækja réttindi á ritaraborði. Áfram verður stuðlað að jafnrétti hjá deildinni, þannig verður iðkendum gert jafn hátt undir höfði hvort sem þeir æfa eða keppa fyrir kvenna- eða karlalið deildarinnar. Auglýsingar og umfjöllun á vegum deildarinnar munu alltaf taka jafnt til karla og kvenna.

Að lokum viljum við þakka enn og aftur öllum þeim sem komið hafa að starfi Körfuknattleiksdeildar Skallagríms. Þetta á við um alla þá sem eru í stjórnnum, þá sem starfa í kringum leiki og mót, foreldra sem leggja sitt að mörkum og alla þá sem eru tilbúnir að hjálpa okkur með hvaða hætti sem er og iðkendur og að síðustu öllum þeim styrktaraðilum sem hafa staðið með okkur og lagt okkur lið. Án ykkar væri starf deildarinnar ómögulegt.

F.h. stjórnar körfuknattleiksdeildar Skallagríms

Sigríður Bjarnadóttir formaður



Leikdeild Skallagríms



Starfsár Leikdeildar Skallagríms 2022

Stjórn Leikdeildar Skallagríms kom saman ásamt Elfari Loga Hannessyni leikstjóra í nóvember 2021 þar sem við ákváðum að setja upp leiksýningu í febrúar 2022. Ósk okkar var að setja upp söngleik og vorum við með nokkur handrit til að lesa. Fljótlega urðum við sammála um að taka fyrir söng- og gamaneikinn “Slá í gegn”. Tónlistin í söngleiknum er eftir Stuðmenn og handritið eftir Guðjón Karlsson (Góa). Elfar Logi var mjög áhugasamur og við skyldum hittast í kringum 20. janúar og hefja samlestur. Það frestaðist reyndar um eina 10 daga vegna veðurs, veikinda og fleiri þátta. En þegar við hittumst var spýtt í lófana og allt fór á fullt. Við fengum leikara í öll hlutverk þ.e. tveir leikarar fóru með tvö hlutverk af mikilli snilli. Mikið var rætt um að hafa tónlistina ”life” en þegar við skoðuðum það betur kom í ljós að það var bæði of mikil vinna fyrir tónlistarmennina væntanlegu og of kostnaðarsamt. Elfar Logi gat samið við Þjóðleikhúsið um að fá að nota ”playback” úr þeirra sýningu og kom sér það afar vel og við gátum greitt fyrir afnotin af tónlistinni.

Æfingar gengu vel og það var alltaf líf og fjör. Við gátum græjað búninga með aðstoð góðra manna og kvenna, settum upp leiksviðið ásamt leikstjóranum sem var með mjög ákveðnar og glæsilegar skoðanir á því hvernig hann vildi hafa sirkussviðið.

Og það tókst meira að segja að gera ”fallbyssuna” trúverðuga svo og prestinn sem hékk hálfur niður úr loftinu eftir fallbyssuskot.

Við frumsýndum föstudaginn 11. mars og sýndum 10 sinnum. Sýningum var hætt í húsfylli vegna ýmissa aðstæðna, en húsfyllir var á nokkrum sýningum. Margir komu tvisvar og það spurðist út hve skemmtileg sýningin var. Við nutum okkar verulega og hefðum þess vegna getað sýnt fram á vor. Við fengum góða gesti á eina sýninguna, en Stuðmenn lögðu leið sína til okkar og var það mjög skemmtilegt. Þeir létu vel af frammistöðu leikaranna og virtust ánægðir með okkur.

Það stóð til að við myndum reyna að taka upp sýningar aftur með haustinu, en svo kom í ljós að það var ógerlegt því miður.

Við tókum á það ráð að hafa aðventu-skemmtikvöld þann 25. nóvember. Þar voru flutt mörg jólalög af ýmsum toga og þrír stuttir einþáttungar ótengdir jólum. Einnig fengum við Kirkjukór Borgarness í heimsókn og flutti kórinn þrjú lög. Þessi skemmtun var nokkuð vel sótt og látið vel af henni.

Leikdeild Skallagríms rekur félagsheimilið Lyngbrekku og erum við að reyna að koma húsinu í þokkalegt horf og aðlaðandi sem leikhús og samkomustaðu. Borgarbyggð setti upp varmadælur í húsið sem væntanlega verður til þess að rafmagnsreikningur lækkar. Jafnframt voru settir nýir rafmagnsofnar í andyri Lyngbrekku en ofnarnir voru ónýtir og mikill kuldi þar. Einnig fengum við aðstoð frá Ungmennafélaginu Birni Hítðalakappa, en það komu þrír félagar stormandi og settu víftur í glugga á salernum en það var skilyrði fyrir því að gefið væri út skemmtanaleyfi t.d. fyrir þorablót og aðra slíka viðburði.

Fleira náðum við ekki að framkvæma á liðnu ári, en það eru mörg verkefni framundan í að flikka upp á húsið og koma starfseminni í meira horf. Okkar ósk er að Leikdeild Skallagríms fái að lifa og dafna um ókomin ár.

f.h. stjórnar Leikdeildar Skallagríms.

Margrét Jóhannsdóttir



Sunddeild Skallagríms

Ársskýrsla Sunddeildar Skallagríms 2022



Stjórn Sunddeildar Skallagríms skipa eftirfarandi

Formaður: Eva Margrét Jónudóttir

Gjaldkeri: Jón Sigurður Snorri Bergsson

Ritari: Eiríkur Þór Theodórsson

Meðstjórnandi: Heiðrún Helga Bjarnadóttir

Meðstjórnandi: Inga Birna Ólafsdóttir

Árið 2022 leit út fyrir að verða ansi bjart þarna í janúar. Við vorum komin með tvo þjálfara á okkar snæri. Þær Unni Ingu Karlsdóttur sem byrjaði haustið 2021 og svo Ísfold Rán Grétarsdóttur sem byrjaði í janúar 2022. Þar að auki var Eiríkur Þór Theodórsson duglegur að hlaupa undir bagga þegar á þurfti að halda, bæði við afleysingar þjálfara en einnig þegar þörf var á aðstoðarþjálfara. Unnur Inga þurfti að kveðja okkur óvænt í lok janúar því hennar biðu önnur verkefni og sáum við mikið eftir henni. Ísfold Rán tók þá yfir af fullum krafti og var með æfingar alla virka daga fram í byrjun júní. Góðir þjálfarar finnast ekki á hverju snæri og vorum við þokkalega spæld þegar Badminton deildin náði að nappa Ísfold Rán frá okkur. En svona er þetta með gott fólk, það er oft fjölbæft líka og í þessu lífi sem er nú konfektikassi, er ekki nema eðlilegt að menn noti krafta sína víða.

Fyrstu fimm mánuði ársins voru um það bil 60 börn frá aldrinum 6-16 ára að æfa hjá Sunddeild Skallagríms, ýmist einu sinni, tvisvar- eða þrisvar sinnum í viku. Krökkunum var skipt upp í þrjá mismunandi aldurshópa og virðist vera gríðarlegur sundáhugi allt upp í sjötta bekk en þónokkuð minni áhugi þar upp úr.

Við sóttum tvö mót á árinu. Fyrri mótið var þann 5. febrúar en þá fóru fimm keppendur frá okkur á Speedomót fyrir 12 ára og yngri í Keflavík. Öll stóðu þau sig frábærlega og voru deildinni til mikils sóma. Þann 14. maí var okkur svo boðið að taka þátt í vinamóti UMFR og Víkinga sem haldið var á Kleppjárnsreykjum. Þangað fóru tíu keppendur frá okkur sem stóðu sig með þryði á virkilega vel heppnuðu móti. Flestir sem sóttu mót 2022 voru að gera það í sitt fyrsta skipti og gaman að segja frá því að margir komust á pall, allir stóðu sig eins og hetjur og skemmtu sér vel.

Tvær seinustu vikurnar í febrúar féllu margar æfingar niður vegna þess að kórónuveiran var dugleg að heimsækja þjálfara, iðkendur og starfsmenn sundlaugarinnar, öllum til mikillar óhamingju.

11. mars stóð Sunddeildin fyrir páskaeggjasölu í fjáröflunarskyni og seldust þar 34 páskaegg.

Aðalfundur var haldinn 16. mars. Þrátt fyrir reglulegar bænastundir sitjandi formanns um að nýr aðili tæki við keflinu þá var hann ekki bænheyrður og neyddist til þess að sitja sem fastast

í sínum stól að sinni. Þáverandi gjaldkeri flutti úr bæjarfélaginu og óskaði eftir að láta af störfum sökum þess en góð ráð voru dýr því ekkert kom framboðið. Þá varð úr að eiginmanni formanns var skipað að taka sæti gjaldkera því hann hafði þónokkuð mikið vit á fé og meðferð þess svo ekki væri minnst á aðra mannkosti.

31. maí var haldið gríðarlega skemmtilegt og vel sótt lokahóf þar sem iðkendur buðu foreldrum sínum og systkinum í heljarinnar sundlaugateiti og flatbökuveislu í íþróttamiðstöðinni. Á lokahófi þessu voru veitt ýmis verðlaun í hverjum flokki eins og til dæmis fyrir mætingu, framfarir og fleira í þeim dúr.

Seinustu sjö mánuði ársins vorum við þjálfaralaus. Við höfum ítrekað auglýst, spurst fyrir, hringt út, óskað, vonað og beðið til Guðs um að finna nýja þjálfara til þess að vera með okkur. Í Borgarnesi og nágrenni eru gríðarlega margir krakkar sem hafa áhuga á því að æfa sund, aðstaða til sundiðkunar er með öllu til fyrirmyndar og foreldrastarfið virkt. Staðan er hins vegar sú að á meðan við höfum ekki þjálfara þá er ekki hægt að halda úti sundæfingum.

Okkur langar að nýta tækifærið og þakka Unni Ingu Karlsdóttur, Ísfold Rán Grétarsdóttur og Eiríki Þór Theodórssyni innilega fyrir sitt frábæra starf sem þau hafa sinnt hjá Sunddeildinni. Góður mannauður er gulls ígildi.

Allir sem að starfinu komu hjá deildinni skiluðu inn til UMSB þessu blessaða sakavottorðsblaði hið snarasta eftir beiðni og er það tilefni til að blása í eigin flautur. Að lokum viljum við misnota þennan vettvang til þess að ítreka vöntun okkur á þjálfurum! Það er hreint ekki þunnur þrettándinn að þjálfar sund því krakkarnir okkar eru æði.

Fyrir hönd Sunddeildar Skallagríms

Eva Margrét Jónudóttir

sund@skallagrimur.is

Umf. Björn Hítardælakappi

Ungmennafélagið Björn Hítardælakappi árið 2022

Starfsemi félagsins var í algjöru lágmarki vegna Covid-19. Ekki var haldinn neinn fundur né stjórnarfundur svo stjórn situr óbreytt, Sigurjón Helgason formaður, Sigfús Helgi Guðjónsson gjaldkeri og Unnur Sigurðardóttir ritari.

Haldin voru leikjakvöld yfir sumarið þar sem ungir sem aldnir komu saman og léku sér í allskonar leikjum.

Stjórn Ungmennafélags Björn Hítardælakappa

Ungmenna- og íþróttafélag Hvalfjarðarsveitar

Ársskýrsla

Yfirlit yfir árið 2022



Þorablót var ekki haldið sökum Covid

Aðalfundur var haldinn 14. júní

Þar var kjörin ný stjórn eftir covid

Magnús Már Haraldsson Formaður

Inga María Sigurðardóttir Gjaldkeri

Helga Jóna Björgvinsdóttir ritari

Birkir Snær Guðlaugsson meðstjórnandi

Ásgeir Pálmason meðstjórnandi

Varamenn

Andrea Ýr Arnarsdóttir 1 varamaður

Dagný Hauksdóttir 2 varamaður

Sökum anna hjá formanni var ekki gert meira á árinu nema ákveðið var að keyra þetta í gang á árinu 2023.

Umf. Dagrenning

Starfsár ungmennafélagsins Dagrenningar hófst með skipulagningu á endurbótum samkomuhússins innandyr. Ákveðið var að taka vegg í sal í gegn og mála. Reyndist sú vinna talsvert umfangsmeiri en áætlað var og var síðustu málningaslettunum hent á vegginn í apríllök. Ekkert þorablót var haldið, sem kom sér þó vel fyrir framkvæmdaglaða félagsmenn. Allar helgar frá maílokum fram í september voru uppbókaðar, utan eina í byrjun júní og gleðilegt hvað virku dagarnir eru líka orðnir vinsælir.



Hátíðarhöld á 17. júní voru á sínum stað en með breyttu sniði þar sem 17. júní bar upp á föstudag og því húsið í útleigu. Sviðaveislu hélt félagið í samstarfi við Kvæðamannafélagið Snorra 19. nóvember, mikil veisla og skemmtilegt kvöld, svið og sviðalappir komu frá Hvammstanga en reykt og sölt frá Húsavík á Ströndum. Verðugt að endurtaka þessa skemmtun. Elín Matthildur á Skálpastöðum stóð fyrir jógakvöldum í þónokkur skipti sem félagsmenn voru duglegir að sækja meðal annarra.

Ferðanefnd stóð fyrir stórbrotinni ungmennafélagsferð þar sem Austurland var heiðrað með nærveru félagsmanna í þetta skiptið. Stórgóð ferð og minnisstæð. Ferðanefnd stóð einnig fyrir ferð á Landbúnaðarsýningu á haustdögum. Orkan, yngri deild félagsins sinnti sínu starfi af alúð og fjölbreytni eins og undanfarin ár og má með sanni segja að framtíðin sé björt hjá okkar félagi.

Á Nýársdag gerði slæmt veður, sem er sjaldgæft í Lundarreykjadal, með þeim afleiðingum að stillansinn sem reistur var 2022 fauk um koll - aftraði þetta því að hægt væri að ljúka við klæðningu hússins að austanverðu, hafist var handa á vormánuðum að endurreisa stillansinn og lauk klæðningavinnu í nóvember - ráðgert að fá iðnaðarmann í verkið strax á vordögum 2023. Árið endaði á svipuðum nótum og það byrjaði að því leytnu að félagið varð fyrir tjóni í frostakaflanum langa í desember. Betur fór en á horfðist en engu að síður sprungu vatnslagnir og komu skemmdirnar í ljós á Nýársdag 2023 þegar hlýna tók án teljandi vatnsskaða þó vegna mikils eftirlits, þessu tjóni verður gert skil í næstu ársskýrslu.

Fyrir hönd UMF. Dagrenningar

Sigurborg Hanna Sigurðardóttir

Umf. Íslendingur

Ungmennafélagið Íslendingur

Stjórn félagsins 2022

Formaður Kristján Guðmundsson

Ritari Aðalheiður Kristjánsdóttir

Gjaldkeri Gunnar Örn Kárasón



17. júní hátíð

Félagið hefur staðið fyrir 17. júní hátíðarhöldum á Hvanneyri síðan 2006. Lagt er af stað kl.11:00 frá Sverrisvelli og gengið út í Skjólbeltin með fána þar sem farið er í leiki. Stórt grill er á staðnum sem gestir geta nýtt sér og krakkar fá andlitsmálningu. Sem fyrri daginn var mætingin góð og fólk naut þess að eiga notalega stund saman.

Jónsmessuhátíð

Á Mannamótsflöt fögnuðum við Jónsmessuhátíð 27. júní með leikjum og pylsum. Teknir voru inn nýir félagar og fengu þeir plöntu að gjöf frá Skógræktinni. Gott veður og skemmtu börn og fullorðnir sér vel.

Hreppslaug

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson vígði nýtt laugarhús við Hreppslaug 5. júlí. Var þetta mikill gleðidagur fyrir Ungmennafélagið. Skorradalshreppur fjármagnaði nýtt hús en sá Ungmennafélagið alfarið um framkvæmd verks. Rekstur laugarinnar gekk vel og var opið út október en þó bara helgar opnanir undir það síðasta.

Blak

Hvannir héldu úti blakæfingum á Kleppjárnshreykjum og Varmalandi. Tóku þær þátt í Íslandsmóti og gekk með ágætum. Einnig sóttu þær Öldugamót með tvö lið og gekk vel. Njólar tóku þátt í öldungamóti og komust þeir slyslalaust í gegnum það.

Dósasöfnun / Svartakusa

Dósasöfnun var haldin nokkrum sinnum á árinum í samstarfi við Grunnskóla Borgarfjarðar Hvanneyrardeild og sóttu krakkar dósir á þá staði sem dósir voru. Frábært er hvað íbúar eru duglegir að fylla Svörtu kusu og styrkja um leið Ungmennafélagið. Íbúar er hvattir til að halda áfram að fylla kusuna reglulega.

Frisbígolf

Völlurinn var mikið notaður í sumar og töluvert um að fólk geri sér ferð á Hvanneyri til að spila. Borgar Páll Bragason sá um viðhald og sló brautir.

Íþróttahúsið á Hvanneyri

Ungmennafélagið sér um úthlutun æfingatíma og aðgengi að leikfímishúsi Landbúnaðarháskóla Íslands samkvæmt samningi við LBHÍ frá árinu 2005. Tilgangur þess er að tryggja félögum aðgang að húsinu utan hefðbundinna æfingatíma.

Strandblakvöllur

Styrkur fékkst til að gera strandblakvöll við endann á Sverrisvelli og þökkum við Borgarbyggð fyrir stuðninginn. Ekki náðist að byrja framkvæmdir á árinu en eru öll leyfi komin og búnaður kominn til landsins. Farið verður í að klára völlinn um leið og fer að vora.

Áramótagleði

Ungmennafélagið stóð fyrir kindlagöngu, lítilli brennu og flugeldasýningu um áramótin. Var þátttaka góð en er þetta í fyrsta skiptið sem þessi háttur er hafður á, hingað til hefur Ungmennafélagið staðið fyrir brennu á Hvanneyri. Líkur eru á að þetta verði fastur liður um áramót. Einnig endurvakti Ungmennafélagið áramótafögnuð í Íþróttahúsinu sem mikil ánægja var með.

Umf. Reykdæla



Skýrsla stjórnar fyrir Ungmennafélag Reykdæla 2022

Stjórn skipa:

Ingi Þór Magnússon formaður

Helga Jónsdóttir varaformaður

Þóra Árnadóttir gjaldkeri

Margrét Sæunn Pétursdóttir ritari

Kristleifur Jónsson meðstjórnandi

Í byrjun árs var lítið um að vera vegna covid 19 veirunnar. Í byrjun febrúar fór rafmagnið í sveitinni og sló út hitaþræði á þaki Logalands sem olli miklum skemmdum á neðri sal Logalands. Þar sem parket varð ónýtt á dagóðum kafla og einnig gluggakistur var ráðist í að laga þetta. Það voru Þorvaldur og Kristleifur sem sáu um að gera þetta betur en nýtt. Allt komið í svo kallað eðlilegt horf í maímánuði 2022 og þá hóf 17. júní nefnd störf við undirbúning.

Þann 17. júní 2022 var haldið uppá hátíðina í Logalandi og tókst vel til. Svo var húsið mikið í leigu um sumarið (ekki nema tvær helgar sem ekkert var um að vera í húsinu). Bridgefélag Borgarfjarðar hóf spilamennsku á efri hæðinni í Logalandi í byrjun októbers að vanda og svo var haldinn Gleðifundur í Logalandi 12. nóvember og tókst mjög vel til. Brennunefnd sótti um brennuleyfi og fékk það samþykkt en ekki var kveikt í brennu þann 31. desember vegna veðurs.

Íþróttastarfið hefur verið mjög sterkt. Það hafa verið æfingar í sundi, blaki, körfu og fótbolta í allan vetur fyrir mismunandi aldurshópa. Einnig sundnámskeið í vor.

Fyrir hönd Umf. Reykdæla

Ingi Þór Magnússon

Formaður

Umf. Stafholtstungna

Skýrsla stjórnar fyrir árið 2022

Að loknum aðalfundi sem haldinn var 18. febrúar 2021 var farið yfir stjórnarskipan sem er eftirfarandi og óbreytt frá fyrra ári: Helena Rut Hinriksdóttir formaður, Ólafur Daði Birgisson gjaldkeri og Hafdís Jóhannsdóttir ritari. Í varastjórn eru: Ása Erlingsdóttir og Auður Margrét Ármannsdóttir. Starfið fór rólega af stað eftir faraldurinn. Stjórnin var í miklum samskiptum á netinu til að skipuleggja starfið, ásamt því að halda 2 stjórnarfundir.



Í kjölfar ákvarðana um að halda ekki hefðbundið áramótakvöld 2. janúar var því frestað að hafa flugeldasýningu þetta árið líkt og árið áður.



Félagið virkjaði nemendur í GBF til að taka þátt í hinu árlega 17. júní hlaupi félagsins þann 1. júní og voru viðurkenningar veittar fyrir árangur á skólaslitum viku síðar.

Þrátt fyrir rólega byrjun á starfinu eftir faraldurinn hefur ýmislegt verið framkvæmt. Á vordögum gaf félagið nemendum í GBF á Varmalandi dót til að stuðla að fjölbreyttu félagsstarfi innan skólans. M.a. voru þetta, borðtennisspaðar, poolkjuðar og margt fleira til að nýta í frístundum innan skólans og að auki færðum við einum úkraínskum nemanda skólans reiðhjólaihjálmi til að allir hefðu jafna möguleika á að hjóla á vordögum. Félagið tók einnig þátt í hátíðarhöldum Varmalandsdaga þar sem haldin var hátíðin

„Lyst og list“ í annað sinn. Þar vorum við með ratleik fyrir alla fjölskylduna úti í skógi, gáfum börnunum útileikföng í þátttökuverðlaun og allir gátu síðan bakað brauð yfir eldi. Atburðurinn í heild vakti mikla lukku og var vel sóttur af fjölskyldum í héraði og nokkuð um að fólk kom langt að.

Farið var í reiðtúr ungmennafélagsins í júlí líkt og undanfarin ár með ágætri þátttöku. Í reiðnefnd eru: Kristín Kristjánsdóttir og Auður Ármannsdóttir. Ákveðið var að falla frá gönguferð félagsins þetta sumarið en í göngunefnd eru: Birgir Hauksson, Guðmundur Finnsson og Íris Grönfeldt. Umhverfisnefnd hafði hægt um sig á árinu og var ákveðið að ekki þyrfti stóráttak í skóginum á Varmalandi þetta vorið. Í umhverfisnefnd eru: Agnes Guðmundsdóttir, Ása Erlingsdóttir og Sæunn Elfa Sverrisdóttir.

Haldinn var íþróttaskóli fyrir yngri börnin í lok árs og fengum við Helenu Ólafsdóttur til að vera með hann. Íþróttaskólinn var vel sóttur af börnum af starfssvæði félagsins.

Lítið fór fyrir þátttöku í mótum eða mótahaldi þetta árið vegna aðstæðna í samfélaginu. Í mótanefnd eru: Ásgeir Ásgeirsson og Þórunn Jóna Kristinsdóttir.

Fjáröflun: Dósasöfnun hefur til margra ára verið helsta fjáröflunarleið ungmennafélagsins. Gekk söfnunin virkilega vel, jafnvel meira en undanfarin ár. Dósagámar merktir félaginu eru í sumarbústaðahverfi Munaðarness, við bæinn Tún og á tjaldsvæðinu á Varmalandi. Mikilvægt er að losa gámana reglulega yfir sumartímann og hafa eftirlit með losun þeirra að vetri til. Í dósanefnd er: Brynjólfur Guðmundsson.



Starf leikdeildar hefur að mestu legið niðri og ekki hefur verið ráðist í ný verkefni á þeirra vegum. Breyting hefur orðið á stjórn leikdeildar félagsins og eru eftirfarandi í stjórn þess: Þorbjörg Saga Ásgeirsdóttir formaður, Erla Gunnlaugsdóttir gjaldkeri og ritari er Sigurlaug Kjartansdóttir.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og öðrum vinnusömum félagsmönnum óeigingjarnt starf í þágu félagsins en án þeirra væri afar erfitt að halda félagi sem þessu virku.

f.h. stjórnar

Helena Rut Hinriksdóttir

formaður

Lög Ungmennasambands Borgarfjarðar

I. Kafli: Um sambandið

1. grein

Sambandið heitir Ungmennasamband Borgarfjarðar, skammstafað UMSB. Starfssvæði þess er Mýra- og Borgarfjarðarsýsla. Heimili sambandsins og varnarþing er í Borgarnesi.

2. grein

Merki sambandsins er blár skjöldur með hvíttri umgjörð. Á skildi þessum er skammstöfun sambandsins, UMSB, ásamt fjaðurpenna og laxi.

3. grein

Tilgangur UMSB er að efla samhug og samvinnu íþrótta- og ungmennafélaganna á sambandssvæðinu og stuðla að fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi þeirra í samræmi við lög UMFÍ og ÍSÍ. Ennfremur að vera sameiginlegur málsvari félaganna út á við.

4. grein

Sambandið skal á hverjum tíma starfa eftir stefnu sem mörkuð skal af sambandsþingi.

5. grein

Rétt til aðildar að sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem starfa eða munu starfa á sambandssvæðinu, enda séu lög þeirra og starfsemi í samræmi við lög UMSB, UMFÍ og ÍSÍ.

6. grein

Umsóknir um inngöngu í sambandið skulu sendar til stjórnar þess ásamt eintaki af lögum viðkomandi félags, upplýsingum um stjórn og félagaskrá. Félagið telst fullgildur aðili að sambandinu við samþykki stjórnar, þó með fyrirvara um staðfestingu sambandsþings og ÍSÍ.

7. grein

Ósk um úrsögn úr sambandinu skal tilkynna skriflega til sambandsstjórnar enda hafi úrsögnin verið samþykkt á lögsmætum aðalfundi félagsins. Úrsögnin tekur gildi þegar stjórn hefur samþykkt hana en þó skal staðfesta hana á næsta sambandsþingi.

Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu, krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins, eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags skal eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

II. Kafli: Um aðildarfélög

8. grein

Hafi félag ekki skilað starfsskýrslum í tvö ár samfelldt má stjórn UMSB gera tillögu til sambandsþings um að færa félagið á lista yfir óvirk aðildarfélög. Sé félag á lista yfir óvirk félög missir það allan rétt til greiðslna frá sambandinu og skal ekki tekið með við útreikning á slíkum greiðslum.

Óvirku félagi ber ekki skylda til að greiða gjöld til sambandsins.

9. grein

Árlega skal hvert aðildarfélag standa UMSB skil á árgjaldi af hverjum gjaldskyldum félaga í samræmi við ákvörðun sambandsþings. Eindagi gjaldanna er 15. júlí. Eftir eindaga er heimilt að skuldajafna gjaldið við inneign viðkomandi félags hjá UMSB.

10. grein

Við hver áramót skulu stjórnir sambandsfélaganna semja skýrslu um hag sinn og starfsemi, samkvæmt fyrirmælum UMFÍ og ÍSÍ. Skýrslu þessari skal skila eigi síðar en 15. febrúar.

III. Kafli: Um sambandsþing

11. grein

Sambandsþing UMSB er æðsta vald í málefnum UMSB og skal haldið árlega, eigi síðar en 15. mars. Þó er stjórn heimilt, að fengnu samþykki formannafundar, að fresta þingi ef sérstakar ástæður liggja fyrir.

Sambandsstjórn ákveður þingstað og boðar til þings. Er það lögmætt sé það boðað með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð, dagskrá og tillögur um breytingar á lögum sambandsins skal senda aðildarfélögum eigi síðar en 14 dögum fyrir þing.

Tillögur að lagabreytingum skulu sendar stjórn eigi síðar en þremur vikum fyrir þing.

Sambandsstjóri skal enn fremur boða til aukabings telji hann þess þörf eða ef tveir þriðju sambandsaðila bera fram ósk um slíkt.

12. grein

Hvert aðildarfélag hefur rétt til að senda fulltrúa á sambandsþing. Fulltrúafjöldinn miðast við einn fulltrúa á hverja byrjaða 100 skattskylda félaga við undangengin áramót að 1000 félögum en einn fulltrúa fyrir hverja 200 félaga þar fyrir ofan. Formenn aðildarfélaganna (eða staðgenglar þeirra) eru sjálfkjörnir á þing sem fyrstu fulltrúar sinna félaga.

Atkvæðisrétt á sambandsþing hafa einungis kjörnir fulltrúar aðildarfélaganna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum atkvæðagreiðslna nema um lagabreytingu sé að ræða.

13. grein

Dagskrá sambandsþings:

Setning
Kosning þingforseta og ritara
Kosning kjörbréfanefndar
Skýrsla stjórnar og reikningar
Álit kjörbréfanefndar
Kosning starfsnefnda þingsins
Inntaka nýrra aðildafélaga
Umræður um skýrslu stjórnar
Ávörp gesta
Lagðar fram tillögur og lagabreytingar, þ.m.t fjárhagsáætlun og árgjald félaga
Þinghlé – nefndir starfa
Tillögur starfsnefnda þingsins til umræðu og atkvæðagreiðslu
Reikningar bornir til atkvæðagreiðslu
Kosning stjórnar
Kosning á íþróttaping ÍSÍ
Önnur mál
Þinggerð - þingslit

IV. Kafli: Um stjórn

14. grein

Stjórn sambandsins skipa fimm menn: Sambandsstjóri, varasambandsstjóri, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi.

Sambandsstjóri skal kjörinn til eins árs í senn en kjörtímabil annarra stjórnarmanna skal vera tvö ár. Þannig skulu annað árið kjörnir varasambandsstjóri og gjaldkeri og varamenn þeirra en hitt árið ritari og meðstjórnandi og varamenn þeirra.

Gefi stjórnarmaður, sem sitja skyldi áfram eftir lögum þessum, kost á sér í starf sambandsstjóra eða annað starf innan stjórnar er heimilt að kjósa hann til þess og þá annan mann í hans stað fyrir þann tíma sem eftir er af kjörtímabilinu. Ennfremur skulu árlega kjörnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara. Reikningsár skal vera almanaksárið.

15. grein

Sambandsstjórn heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Skal boða alla stjórnarmenn eða varamenn í þeirra stað geti aðalmenn ekki mætt. Stjórn sambandsins hefur á hendi stjórn sameiginlegra mála aðildarfélaga sambandsins milli þinga, eftir þeim reglum og innan þeirra takmarkana sem lög og þingsamþykktir setja. Hún veitir móttöku öllu því fé er sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóði þess og fer með þá samkvæmt gildandi fjárhagsáætlun. Kaup og sala á fasteignum sambandsins er bundin samþykktum sambandsþings.

16. grein

Stjórn sambandsins skal boða formenn allra aðildarfélaga og deilda þeirra til fundar eigi sjaldnar en tvisvar á ári, ásamt formönnum einstakra nefnda þegar ástæða þykir til. Skylt er formönnum að senda fulltrúa í sinn stað geti þeir ekki mætt.

Atkvæðisrétt á formannafundum hafa stjórn sambandsins og fulltrúar félaga en nefndarmenn aðeins ef um sérmálefni þeirra er að ræða. Aldrei fer þó einn og sami maður með nema eitt atkvæði.

17. grein

Rísi ágreiningur um lög eða reglur sambandsins úrskurðar stjórnin um það en þeirri niðurstöðu má skjóta til næsta sambandsþings.

V. Kafli: Önnur ákvæði**18. grein**

Til breytingar á lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða mætttra fulltrúa á lögmætu sambandsþingi.

19. grein

Ef sambandið leysist upp eða hættir störfum skulu allar eignir þess renna í sjóð sem verði í vörslu UMFÍ en þó ávaxtaður í fjármálastofnun. Höfuðstól sjóðsins má eigi skerða en ráðstafa má 2/3 ársávöxtunar til íþrótt- og æskulýðsstarfs á sambandssvæði UMSB. Verði nýtt samband stofnað sem stefnir að sömu markmiðum og UMSB á sambandssvæðinu skulu eignir UMSB renna til þess.

20. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin öll eldri lög sambandsins.

Ungmennasamband Borgarfjarðar



Ársreikningur 2022

Kt.670269-0869

Skallagrímögötu 7a

310 Borgarnesi

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ársreikningur Ungmennasambands Borgarfjarðar árið 2022 hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og sundurliðanir. Samkvæmt rekstrarreikningi er hagnaður ársins 2.720 þús. kr. og eigið fé í árslok er 30.069 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Ársreikningurinn er á ábyrgð stjórnar sambandsins og samþykkir stjórn og framkvæmdastjóri ársreikninginn 2022 með undirritun sinni.

Borgarnesi 08.03.2023

Stjórn:

Sigurður Lind Eyjóldsson

Rakel Guðjónsdóttir
Guðrún N. Þorsteinsson

Sölvi G. Guðfason

Rakel Dóttir Sigurðsson

Framkvæmdastjóri:

Barney L. Þórnadóttir

Við höfum aðstoðað stjórnendur Ungmennasambands Borgarfjarðar við gerð ársreiknings sambandsins fyrir árið 2022. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins sem fært er af okkur. Við höfum ekki framkvæmt endurskoðun.

Kópavogur, 01.03.2023

Hvesta bókhald ehf.

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Ungmennafélags Borgarfjarðar höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2022. Teljum við hann sýna rétta mynd af rekstri sambandsins á árinu 2022 og efnahag þess í árslok 2022. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Borgarnes, 01.03.2023

Einur Ole Pedersen
Jónður Guðbj. Þórnadóttir

UMSB ársreikningur 2022

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Ársreikningur 2022

Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur			
Félagaskattur 1		1.614.600	1.623.150
Framlög og styrkir ²		29.641.645	30.208.426
Lottó 3		12.782.405	14.088.390
Húsa- og vallarleigutekjur ⁴		29.472.763	29.583.436
Rekstrartekjur alls		73.511.413	75.503.402
Rekstrargjöld			
Laun og verktakagreiðslur ⁵		17.393.129	22.143.541
Styrkir til aðildarféлага ⁶		18.109.592	11.286.528
Kostnaður v/ þátttöku í mótum ⁷		493.060	198.548
Rekstur mannvirkja ⁸		30.908.754	29.615.313
Rekstur skrifstofu ⁹		3.704.517	3.268.523
Kynning, fræðsla, útbreiðsla ¹⁰		170.355	205.136
Rekstrargjöld alls		70.779.407	66.717.589
Rekstrarafkoma án fjárm.- og fjárm.liða		2.732.006	8.785.813
Fjármunatekjur-fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur			18.536 7.381
Fjármagnsgjöld		(30.004)(6 6.196)	
		(11.468)(58.815)	
Rekstrarafkoma tímabils		2.720.538	8.726.998

Efnahagsreikningur 31.12.2022

	Skýr.	2022	2021
Fastafjármunir 11		7.081.098	7.081.098
Fastafjármunir samtals		<u>7.081.098</u>	<u>7.081.098</u>
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		1.505.236	2.926.133
Handbært fé ¹²		29.337.704	26.674.424
Veltufjármunir samtals		<u>30.842.940</u>	<u>29.600.557</u>
Eignir samtals		<u><u>37.924.038</u></u>	<u><u>36.681.655</u></u>
Óráðstafað eigið fé		22.575.666	13.848.668
Endurmatsreikningur		4.773.030	4.773.030
Afkoma ársins		2.720.538	8.726.998
Eigið fé samtals		<u>30.069.234</u>	<u>27.348.696</u>
Skammtímaskuldir			
Ógr. Laun og launatengd gjöld	1	299.202	1.415.137
Aðrar skammtímaskuldir		2.559.430	3.315.733
Afr e ksman n asjóð ur	3	4.996.172	4.602.089
Skammtímaskuldir samtals		<u>7.854.804</u>	<u>9.332.959</u>
	1		
Skuldir og eigið fé samtals	4	<u><u>37.924.038</u></u>	<u><u>36.681.655</u></u>

Sundurliðanir

	2022	2021
1. Félagaskattur		
Félagaskattur	1.614.600	1.623.150
	1.614.600	1.623.150
2. Framlög og styrkir		
Styrkir ÍSÍ og UMFÍ		
UMFÍ	3.681.280	2.748.900
Útbreiðslustyrkir ÍSÍ	830.897	688.157
	4.512.177	3.437.057
Styrkir sveitarfélög		
Styrkir frá Borgarbyggð	22.733.234	23.934.250
Skorradalshreppur	242.659	172.566
	22.975.893	24.106.816
Aðrir styrktaraðilar		
Ísl Getraunir 3% héraðssamb.	103.575	64.553
Styrkur frá KPMG	1.000.000	2.000.000
Innborgað frá styrktaraðila	1.050.000	0
Landlæknir Landsmót 50+	0	250.000
Íþróttasjóður ríkisins	0	300.000
Íslensk Getspá auglýsing	0	50.000
	2.153.575	2.664.553
Framlög og styrkir samtals	29.641.645	30.208.426
3. Lottó		
Lottó ÍSÍ	4.909.760	5.658.665
Lottó UMFÍ	7.872.645	8.429.725
	12.782.405	14.088.390
4. Húsa- og vallarleigutekjur		
Húsaleiga	780.000	715.000
Umhirða íþróttavalla	5.138.274	6.000.000
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	23.554.489	22.868.436
Húsa og vallarleigutekjur	29.472.763	29.583.436
Heildartekjur samtals	73.511.413	75.503.402

Sundurliðanir

	2022	2021
5. Laun og verktakagreiðslur		
Laun skrifstofu	12.853.621	18.124.339
Borgarbyggð/ Atvinnutryggingasjóður	(401.954)	(2.086.878)
Tryggingagjald	1.008.246	1.344.457
Lífeyrissjóður	1.975.355	2.339.445
Orlofs- og sjúkrasjóður	212.403	295.552
Slysatryggingar	6.418	40.326
Laun og verktakagreiðslur	15.654.089	20.057.241
Bífréið akostnaður	1.289.040	1.576.400
Dagpeningar	450.000	509.900
Bífréiðakostnaður og dagpeningar	1.739.040	2.086.300
Laun og verktakagreiðslur alls	17.393.129	22.143.541
6. Styrkir til aðildarfélag		
Aðildarfélag v lottó	5.534.932	5.077.794
Afreksmannasjóður v lottó	680.665	736.585
Starfsstyrkir til aðildarfélag	6.152.595	5.472.149
Bókhalddsstyrkur til aðildarfélag	1.060.000	0
Vinnustyrkur landsmót +50	4.536.400	0
Ferðastyrkir	145.000	0
Styrkir til aðildarfélag alls	18.109.592	11.286.528
7. Kostnaður vegna þátttöku í mótum		
Kostnaður vegna þátttöku í mótum	493.060	198.548
Kostnaður v. þátttöku í mótum alls	493.060	198.548
8. Rekstur mannvirkja		
Reiknuð leiga íþróttamannvirkja	23.554.489	22.868.436
Umhirða íþróttavalla	6.750.000	6.000.000
Rekstur Borgarbraut 61		
Tryggingar	32.056	27.964
Viðhald - Málun	0	16.500
Fasteignagjöld	77.021	101.106
Vatns- og fráveitugjöld	68.756	58.401
Sameiginlegur kostnaður	426.432	542.906
Rekstur mannvirkja alls	30.908.754	29.615.313

Sundurliðanir

	2022	2021
9. Rekstur skrifstofu		
Sími	20.026	188.165
Ritföng, prenthylki og annar skrifst.kostn	926.551	546.796
Kostnaður v funda	337.700	327.540
Skrifborð og önnur áhöld	97.495	747.339
Tölvukostnaður	631.486	113.608
Bókhaldskostnaður	768.233	725.400
Kostnaður v ársskýrslu	180.590	0
Kostnaður sportablar	532.217	434.000
Innheimtakerfi NORI / Greiðslumiðlun	210.219	185.675
Rekstur skrifstofu	3.704.517	3.268.523
10. Kynning fræðsla og útbreiðsla		
Fréttabréf / auglýsingar	105.662	30.000
H eimasíða	6.643	6.330
Íþróttamaður Borgarfjarðar	58.050	168.806
Kynning fræðsla og útbreiðsla	170.355	205.136
11. Varanlegir rekstrarfjármunir		
Borgarbraut 61	6.874.928	6.874.928
Hluti í þinghamri	4.001	4.001
Safnahús	3.000	3.000
Íþróttavöllur Varmalandi	7.043	7.043
Tjald	42.126	42.126
Íþóttááhöld	150.000	150.000
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	7.081.098	7.081.098
Afskriftir tölva og húsgögn	0	0
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	7.081.098	7.081.098
12. Handbært fé		
Bankareikningur 59	25.881.825	22.516.834
Bankareikningur 552045	3.455.879	4.157.590
Handbært fé samtals	29.337.704	26.674.424
13. Ógreidd laun og launatengd gjöld		
Ógreidd laun	(34.695)	764.631
Ógreiddur lífeyrissjóður og stéttarfélagsgj.	147.250	420.756
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald	186.647	229.750
Ógr. laun og launatengd gj.	299.202	1.415.137

Ungmennasamband Borgarfjarðar

Afreksmannasjóður - Ársreikningur 2022

	2022	2021
14. Afreksmannasjóður		
Staða í upphafi árs	4.602.089	4.156.077
Framlög v/lottó	680.665	736.585
Framlag Borgarbyggð	380.914	360.394
Framlag Skorradalshreppur	60.800	57.520
Styrkir	(750.000)	(7 10.000)
Vextir		21.704
Varanlegir rekstrarfjármunir samtals	4.996.172	4.602.089
Rekstrartekjur		
Framlög v/ lottó	680.665	736.585
Framlag Borgarbyggð	380.914	360.394
Framlag Skorradalshreppur	60.800	57.520
Vextir	21.704	1.513
Tekjur samtals	1.144.083	1.156.012
Rekstrargjöld		
Styrkir	750.000	710.000
Gjöld samtals	750.000	710.000
Rekstrarniðurstaða	394.083	446.012
Efnahagsreikningur		
Eignir		
Bankareikningur	3.455.879	4.157.590
Krafa á UMSB	1.540.293	444.499
Eignir samtals	4.996.172	4.602.089
Eigið fé		
Óráðstafað eigið fé	4.996.172	4.602.089